

**SÍÐAREGLUR  
UM ÁBYRGÐ Í  
FISKIMÁLUM**

**CODE OF CONDUCT  
FOR RESPONSIBLE  
FISHERIES**

**MATVÆLA- OG  
LANDBÚNAÐARSTOFNUN  
SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA,  
RÓM 1995**

**FOOD AND AGRICULTURAL  
ORGANIZATION  
OF THE UNITED NATIONS 1995**

**ÍSLENSK ÞÝÐING Á VEGUM SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTISINS,  
REYKJAVÍK, SEPTEMBER 1999**

## **EFNISYFIRLIT**

### **FORMÁLI**

### **INNGANGUR**

- 1. GREIN – EÐLI OG UMFANG SIÐAREGLNANNA**
- 2. GREIN – MARKMIÐ SIÐAREGLNANNA**
- 3. GREIN – TENGLI VIÐ ÖNNUR ALÞJÓÐLEG SKJÖL**
- 4. GREIN – FRAMKVÆMD, EFTIRLIT OG UPPFÆRSLA**
- 5. GREIN – SÉRSTAKAR ÞARFIR ÞRÓUNARRÍKJA**
- 6. GREIN – ALMENNAR GRUNNREGLUR**
- 7. GREIN – STJÓRNUN FISKVEIÐA**
- 8. GREIN – FISKVEIÐAR**
- 9. GREIN - ÞRÓUN FISKELDIS**
- 10. GREIN - SAMÞÆTTING FISKIMÁLA Í STJÓRNUN STRANDSVÆÐA**
- 11. GREIN – MEÐFERÐ OG VIÐSKIPTI MEÐ FISK**
- 12. GREIN - FISKIRANNSÓKNIR**

### **VIÐAUKI I - UPPRUNI OG MÓTUN SIÐAREGLNANNA**

### **VIÐAUKI II - ÁLYKTUN RÁÐSTEFNU FAO**

## SÍÐAREGLUR UM ÁBYRGÐ Í FISKIMÁLUM<sup>1</sup>

### FORMÁLI

Frá fornu fari hafa fiskveiðar verið mannkyninu mikilvæg uppspretta fæðu og menn hafa haft af þeim atvinnu og tekjur. Auðlindir hafsins voru taldar ótæmandi gjöf náttúrunnar. Með aukinni þekkingu og öflugri þróun fiskveiða eftir síðari heimstyrjöld er þessi skoðun hins vegar orðin úrelt og nú er vitað að auðlindir sjávar eru ekki ótæmandi þó að þær séu endurnýjanlegar. Það þarf að nýta þær rétt ef þær eiga áfram að vera ríkur þáttur í næringu og efnahagslegum og félagslegum gæðum fyrir vaxandi mannfjölda heimsins.

Tilkoma efnahagslögsagna víða um heim um miðjan áttunda áratuginn, og síðar gildistaka hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna árið 1982, settu nýjan ramma um bætta stjórnun á auðlindum hafsins. Hin nýju lagalegu stjórnkerfi veittu strandríkjum réttindi en lögðu þeim jafnframt skyldur á herðar um veiðistjórn og nýtingu nytjastofna innan efnahagslögsagna sinna en þar veiðast um 90% af sjávarafla heimsins. Stækkun lögsagnanna var nauðsynleg en hún dugði þó ekki ein og sér til að tryggja skilvirka veiðistjórn og sjálfbæra þróun í fiskimálum. Mörg strandríki skorti mjög reynslu, fjármagn, og margt annað sem til þarf og gekk erfiðlega að auka afraksturinn af fiskveiðum innan lögsagna sinna.

Á síðustu árum hafa fiskimál orðið markaðsdrifin og þróast ört sem hluti af matvælaíðnaðinum og strandríki hafa lagt sig fram um að nýta sér ný tækifæri með því að fjárfesta í nútíma veiðiflotum og fiskvinnslustöðvum til að svara spurn eftir fiski og fiskafurðum á alþjóðamarkaði. Fyrir um áratug varð hins vegar ljóst að fiskimiðin gátu ekki lengur staðið undir svo auknum og oft stjórnlausum veiðum og ljóst varð að brýn þörf var orðin fyrir nýja hugsun í veiðistjórn sem fæli í sér verndun og að tillit væri tekið til umhverfisins. Þörf á aðgerðum varð enn brýnni vegna stjórnlausra veiða á úthöfunum, einkum veiða á deilistofnum og víðförulum fiskstofnum sem ýmist finnast innan eða utan efnahagslögsögu ríkja.

Á 19. þingi sínu í mars 1991 lýsti fiskimálanefnd FAO (COFI) því yfir að þörf væri á þróun nýrra hugmynda sem leitt gætu til sjálfbærni og ábyrgðar í fiskimálum. Í kjölfarið var hin alþjóðlega ráðstefna um ábyrgar fiskveiðar haldin í Cancun í Mexíkó árið 1992 og þar var farið fram á að FAO semdi alþjóðlegar síðareglur til að bregðast við þessum vanda. Niðurstaða ráðstefnunnar, einkum hin svonefnda Cancun yfirlýsing, var mikilvægt framlag fyrir Umhverfis- og þróunarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna (UNCED) árið 1992, sérstaklega fyrir hina svonefndu dagskrá 21 (Agenda 21). Síðan var ráðstefna SP um deilistofna og víðförula fiskstofna haldin með dyggri liðveislu FAO á tæknisviðinu. Á 27. fundi FAO í nóvember árið 1993 var svo

---

<sup>1</sup> Orðið **fiskimál** er hér valið sem íslensk þýðing enska orðsins **fisheries**. Enska orðið hefur víðtæka merkingu og nær í síðareglunum yfir veiðar og eldi fisks og fleiri dýra úr sjó og vötnum, meðferð, vinnslu, dreifingu og sölu sjávarafurða og eldisafurða. Nærtækast þótti því að nota hið gamla og góða orð fiskimál, sem á sama hátt hefur verið notað í víðtækri merkingu, sbr. fiskimálanefnd, fiskimálastjóri og fiskimálafulltrúi. Hið gamla forskeyti fiski- þýðir veiði, og má því segja að áherslan í merkingu orðsins fiskimál liggja veiðanna megin en það má einnig segja um notkun orðsins fisheries almennt. 7.kafli síðareglanna “fisheries management” fjallar mest um fiskveiðar. Eðlilegast þótti af samhenginu að nota oftast orðin veiðistjórn og stjórnun veiða í þýðingunni. Í 8. kafla er fjallað um “fishing operations” og í því samhengi er stundum notað orðið sjávarútvegur yfir enska orðið fisheries. Loks er á stöku stað notast við orðin sjávarútvegur og fiskeldi, þegar það þótti betur fara. (innsk. þýðanda).

samþykktur samningurinn um að stuðla að því að fiskiskip á úthöfunum fylgi alþjóðlegum ráðstöfunum til verndunar og veiðistjórnar.<sup>2</sup>

Í framhaldi af þessari þróun og með hliðsjón af þessum samningum mæltu stjórnarstofnanir FAO með því að samdar yrðu siðareglur um ábyrgð í fiskimálum til notkunar um heim allan sem yrðu í samræmi við þessi skjöl og kæmu á grunnreglum og viðmiðum er nota mætti við verndun, stjórnun og þróun allra fiskimála án þess að bera með sér lagaskyldu. Siðareglurnar voru síðan samþykktar samhljóða hinn 31. október 1995 á ráðstefnu FAO. Þær mynda nauðsynlegan ramma fyrir viðleitni einstakra þjóða og alþjóðasamstarf við að tryggja sjálfbæra nýtingu lifandi auðlinda vatns og sjávar í sátt við umhverfið (viðauki II).

Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna í samræmi við umboð sitt hefur fullan hug á að aðstoða aðildarlöndin, einkum þróunarríki, við að koma siðareglum um ábyrgð í fiskimálum í framkvæmd með skilvirkum hætti og mun gefa Sameinuðu þjóðunum skýrslu um þann árangur sem næst og þær aðgerðir sem þörf er á.

## **SÍDAREGLUR UM ÁBYRGÐ Í FISKIMÁLUM<sup>3</sup>**

### **INNGANGUR**

Sjávarútvegur og fiskeldi eru nauðsynleg uppspretta fæðu og grundvöllur atvinnu, dægrastyttingar, viðskipta og hagsældar fyrir fólk um allan heim, bæði þá sem nú lifa og afkomendur þeirra og þær ber því að stunda á ábyrgan hátt. Siðareglur FAO setja fram grunnreglur og alþjóðlega staðla fyrir ábyrga hegðun sem tryggja virka verndun, stjórnun og þróun lifandi auðlinda í sjó og vatni með tilhlýðilegri virðingu fyrir vistkerfinu og fjölbreytileika lífríkisins. Siðareglurnar viðurkenna mikilvægi veiða fyrir næringu fólks og mikilvægi þeirra í efnahagslegu, félagslegu, umhverfislegu og menningarlegu tilliti fyrir alla þá er þeim tengjast. Siðareglurnar taka tillit til líffræðilegra einkenna auðlindanna og umhverfis þeirra og jafnframt til hagsmuna neytenda og annarra er meðhöndla fisk. Ríki heims og allir þeir sem tengjast fiskimálum eru hvattir til að fylgja siðareglunum og auka áhrifamátt þeirra.

### **1. GREIN – EÐLI OG UMFANG SÍDAREGLNANNA**

1.1 Siðareglur FAO eru valfrjálssar. Ákveðnir hlutar þeirra eru þó byggðir á viðeigandi ákvæðum þjóðaréttar, þ.á.m. hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982<sup>4</sup>. Í siðareglunum eru einnig ákvæði sem geta orðið eða eru nú þegar bindandi á grundvelli annarra lögformlegra skjala ríkja á milli svo sem samningnum um að stuðla að því að fiskiskip á úthöfunum fylgi alþjóðlegum

<sup>2</sup> Agreement to promote compliance with international conservation and management measures by fishing vessels on the high seas ( Samningurinn hefur ekki verið þýddur á íslensku – innskot þýðanda).

<sup>3</sup> Um notkun orðsins fiskimál vísast til neðanmálgreinar í formála (innskot þýðanda).

<sup>4</sup> Tilvísanir í siðareglunum til hafréttarsamnings SP frá 1982 eða til annarra alþjóðlegra samninga hafa ekki áhrif á stöðu nokkurs ríkis hvað varðar undirskrift, staðfestingu eða upptöku þess samnings eða annarra samninga.

ráðstöfunum til verndunar og veiðistjórnar frá 1993<sup>5</sup> sem í samræmi við samþykkt ráðstefnu FAO 15/93, málsgrein 3, er óaðskiljanlegur hluti af siðareglunum.

1.2 Siðareglurnar eiga við heiminn allan og þeim er beint að aðildarríkjum FAO og ríkjum sem ekki eiga aðild, þeim aðilum sem stunda veiðar, stofnunum á undirsvæðum, svæðum og þeim sem starfa um heim allan, hvort sem þær starfa á vegum stjórnvalda eða ekki, svo og öllum einstaklingum sem láta sig skipta verndun auðlinda og stjórnun og þróun fiskveiða. Þar á meðal eru fiskimenn, þeir sem annast vinnslu og viðskipti með fisk og fiskafurðir og aðrir þeir sem nýta sjó og vötn til fiskveiða.

1.3 Siðareglurnar leggja fram grunnreglur og staðla sem við eiga um verndun, svo og stjórnun og þróun allra fiskimála. Þær ná yfir veiðarnar sjálfar, vinnslu og viðskipti með fisk og fiskafurðir, hvernig veiðum er háttað, fiskeldi, fiskirannsóknir og samþættingu fiskimála í stjórnun strandsvæða.

1.4 Í siðareglunum gildir hugtakið ríki einnig fyrir Evrópusambandið í málum sem eru á valdsviði þess. Hugtakið fiskimál nær bæði yfir villta stofna og fiskeldi.

## 2. GREIN – MARKMIÐ SIÐAREGLNANNA

Siðareglunum er ætlað að:

- a) Setja fram grunnreglur í samræmi við viðkomandi reglur þjóðaréttar um ábyrgar fiskveiðar og tengda starfsemi, þar sem tekið er tillit til allra hinna líffræðilegu, tæknilegu, hagrænu, félagslegu, umhverfislegu og viðskiptalegu þátta sem máli skipta;
- b) Setja fram grunnreglur og viðmið fyrir útfærslu og framkvæmd á stefnu einstakra ríkja um ábyrga verndun nytjastofna, stjórnun og þróun fiskimála;
- c) Vera til viðmiðunar fyrir ríki sem koma vilja á eða bæta stjórnkerfi laga og stofnana sem þörf er á fyrir ábyrgð í fiskimálum og við mótun og framkvæmd viðeigandi ráðstafana;
- d) leiðbeina eins og við á um gerð og framkvæmd alþjóðasamninga og annarra lögformlegra skjala hvort sem þau eru bindandi eða valfrjáls;
- e) stuðla að og efla samstarf á sviði tæknimála, fjármála og á öðrum sviðum er tengjast verndun nytjastofna, veiðistjórn og þróun;
- f) efla þátt fiskimála í tryggu framboði matvæla og gæðum þeirra með áherslu á næringarþarfir fólks þar sem veiðarnar eru stundaðar;
- g) efla varðveislu lifandi auðlinda í sjó og vatni, umhverfis þeirra og strandhéraða;

---

<sup>5</sup> Enskt heiti samnings kemur fram í neðanmálsgrein í formála (innskot þýðanda).

- h) efla viðskipti með fisk og fiskafurðir í samræmi við viðeigandi alþjóðareglur og forðast að beita ráðstöfunum sem fela í sér duldar viðskiptahindranir;
- i) efla rannsóknir í fiskimálum svo og á vistkerfum þeim tengdum og viðkomandi umhverfisþáttum;
- j) láta í té starfsreglur fyrir alla þá er tengjast fiskimálum.

### **3. GREIN – TENGLS VIÐ ÖNNUR ALÞJÓÐLEG SKJÖL**

3.1 Siðareglurnar á að túlka og nota í samræmi við viðeigandi ákvæði þjóðaréttar eins og þau koma fram í hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna 1982. Ekkert í siðareglunum hefur áhrif á réttindi, lögsögu og skyldur ríkja í þjóðarétti eins og hann er í samningum.

3.2 Siðareglurnar á að túlka og nota á eftirfarandi hátt:

- a) þannig að þær séu í samræmi við viðeigandi ákvæði samningsins um framkvæmd ákvæða hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982 um verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim;
- b) þannig að þær séu í samræmi við aðrar viðeigandi reglur þjóðaréttar þar á meðal skyldur ríkja er tengjast alþjóðasamningum er þau eiga aðild að, og;
- c) í ljósi Cancun yfirlýsingarinnar 1992, Ríó yfirlýsingarinnar um umhverfi og þróun sama ár og Dagskrá 21 sem samþykkt var á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun (UNCED), en þó einkum 17. kafla í Dagskrá 21, svo og í ljósi annarra viðeigandi yfirlýsinga og alþjóðlegra skjala.

### **4. GREIN – FRAMKVÆMD, EFTIRLIT OG UPPFÆRSLA**

4.1 Öll aðildarríki FAO og ríki sem ekki eiga aðild, þeir sem stunda veiðar, viðeigandi stofnanir, hvort sem þær starfa á undirsvæðum, svæðum eða í heiminum öllum og hvort sem þær starfa á vegum stjórnvalda eða ekki, allir einstaklingar sem láta sig skipta verndun auðlinda, veiðistjórn, nýtingu fiskstofna og viðskipti með fisk og fiskafurðir ættu að vinna saman að því að markmið og grunnreglur siðareglanna komist að fullu til framkvæmda.

4.2 FAO mun í samræmi við hlutverk sitt innan Sameinuðu þjóðanna, fylgjast með beitingu og framkvæmd siðareglanna og áhrifum þeirra á fiskimál og skrifstofa stofnunarinnar mun gefa fiskimálanefndinni (COFI) skýrslu. Öll ríki, hvort sem þau eru aðilar að FAO eða ekki, svo og viðeigandi alþjóðlegar stofnanir, hvort sem þær starfa á vegum stjórnvalda eða ekki, ættu að taka virkan þátt í samstarfi við FAO um þessi málefni.

4.3 FAO getur með starfi til þess bærra stofnanna sinna endurskoðað siðareglurnar í ljósi þróunar í fiskimálum og skýrslna fiskimálanefndarinnar (COFI) um framkvæmd þeirra.

4.4 Ríki og alþjóðlegar stofnanir, hvort sem þær starfa á vegum stjórnvalda eða ekki, ættu að efla skilning á siðareglunum meðal þeirra sem starfa að fiskimálum, m.a. með því að koma á, þar sem raunhæft er, áætlunum sem stuðla mundu að viðurkenningu á siðareglunum af fúsum og frjálsum vilja og virkri framkvæmd þeirra.

## **5. GREIN – SÉRSTAKAR ÞARFIR ÞRÓUNARRÍKJA**

5.1 Taka skal réttmætt tillit til aðstæðna þróunarlanda við að koma siðareglunum í framkvæmd.

5.2 Til að ná fram markmiðum siðareglanna og til stuðnings virkri framkvæmd þeirra þurfa lönd, viðkomandi alþjóðastofnanir, hvort sem þær starfa á vegum stjórnvalda eða ekki svo og fjármálastofnanir að viðurkenna til fulls hinar sérstöku kringumstæður og þarfir þróunarríkja, einkum hinna minnst þróuðu þeirra á meðal og þeirra sem búa í smáum eyríkjum. Ríki, viðeigandi milliríkjastofnanir og stofnanir er ekki tengjast stjórnvöldum svo og fjármálastofnanir ættu að undirbúa að grípa til aðgerða til að mæta þörfum þróunarlanda, sérstaklega á sviði fjármála og tæknihjálpar, yfirfærslu á tækni, þjálfunar á fólki og vísindasamstarfs til að auka getu þeirra til þróunar í fiskimálum sínum og til eflingar þátttöku þeirra í veiðum á úthafinu m.a. með aðgangi að slíkum veiðum.

## **6. GREIN – ALMENNAR GRUNNREGLUR**

6.1 Ríki og þeir sem nýta lifandi auðlindir vatns og sjávar ættu að vernda vistkerfi þeirra. Rétturinn til veiða felur einnig í sér skyldu til að gera það á ábyrgan hátt til þess að tryggja fullnægjandi verndun og stjórnun auðlindanna.

6.2 Fiskveiðistjórn ætti að stuðla að því að varðveita gæði og fjölbreytileika nytjastofna og að þeir séu nægjanlega stórir bæði fyrir þá sem nú lifa og komandi kynslóðir með öruggt framboð fæðu, minnkun fátæktar og sjálfbæra þróun í huga. Stjórnunarráðstafanir ættu ekki aðeins að tryggja verndun sóknartegunda heldur einnig þeirra tegunda sem tilheyra sama vistkerfi og tengjast þeim eða eru háðir þeim.

6.3 Ríki ættu að koma í veg fyrir ofveiði og umframveiðigetu og ættu að hrinda í framkvæmd stjórnunarráðstöfunum til að tryggja að sókn sé í samræmi við afrakstursettu nytjastofna og sjálfbæra nýtingu þeirra. Ríki ættu að gera ráðstafanir til að byggja aftur upp stofna eins og hægt er og við á.

6.4 Ákvarðanir um verndun og stjórnun fiskveiða ættu að vera byggðar á bestu tiltæku vísindalegum niðurstöðum og taka jafnframt mið af reynsluþekkingu á auðlindunum og búsvæðum þeirra ásamt viðeigandi umhverfislegum, efnahagslegum og félagslegum þáttum. Ríki ættu að gera það að forgangsverkefni að ráðast í rannsóknir og gagnasöfnun til þess að bæta vísindalega og tæknilega þekkingu á fiskimálum og gagnvirkum áhrifum þeirra á vistkerfið. Þegar haft er í

huga að mörg vistkerfi vatns og sjávar eru ekki bundin við eina lögsögu ættu ríki að hvetja til tvíhliða og marghliða samstarfs um viðeigandi rannsóknir.

6.5 Ríki og veiðistjórnarstofnanir á undirsvæðum og svæðum ættu í ríkum mæli að viðhafa varúðarnálgun við verndun, stjórnun og nýtingu lifandi auðlinda vatns og sjávar til þess að varðveita þær og umhverfi þeirra með hliðsjón af bestu tiltækum vísindalegum niðurstöðum. Skorti á fullnægjandi vísindalegum upplýsingum skal ekki beitt sem rökum til að fresta eða láta hjá líða að grípa til ráðstafana til að vernda sóknartegundir, tegundir sem tengjast þeim eða eru háðar þeim svo og aðrar tegundir og umhverfi þeirra.

6.6 Þróa ætti áfram og nota eins og hægt er kjörhæf veiðarfæri og aðferðir sem eru hættulausar frá umhverfissjónarmiði til þess að viðhalda líffræðilegum fjölbreytileika og varðveita stofnsamsetningar, vistkerfið og gæði fisksins. Fyrirfinnist veiðarfæri eða aðferðir sem eru raunverulega kjörhæf og hættulaus frá umhverfissjónarmiði ætti að láta nota þau öðru fremur þegar ráðstafanir eru gerðar til verndunar stofna og stjórnar fiskveiða. Ríki og þeir sem nýta vistkerfi vatns og sjávar ættu að halda í lágmarki soun, aukaafli, bæði fisks og annarra tegunda, og einnig áhrifum á tegundir sem tengjast eða eru háðar sóknartegundum.

6.7 Veiði, meðferð, vinnslu og dreifingu fisks og fiskafurða ætti að haga á þann veg að næringargildi, gæði og heilnæmi afurðanna haldi sér, dregið sé úr úrgangi og neikvæðum áhrifum á umhverfið haldið í lágmarki.

6.8 Öll mikilvæg búsvæði fisks í vistkerfum vatns og sjávar, eins og t.d. votlendi, fenjasvæði, rif, lón, uppeldis- og hrygningarstöðvar, ætti að varðveita og koma aftur í gott horf eins og hægt er og þar sem nauðsyn krefur. Sérstök áhersla ætti að vera á að verja slík búsvæði gegn eyðileggingu, hnignun, mengun og öðrum veigamiklum áhrifum frá mannlegri starfsemi sem ógnar heilbrigði og lífvænleika nytjastofna.

6.9 Ríki ættu að tryggja að tillit sé tekið til hagsmuna þeirra í fiskimálum, þ.á.m. þarfarinnar á að vernda auðlindirnar, við margvíslegar nytjar strandsvæða og að þessir hagsmunir falli að stjórnun þeirra, áætlanagerð og þróun.

6.10 Ríki ættu í samræmi við valdbærni sína og þjóðarétt, þ.m.t. innan ramma veiðistjórnarstofnana eða –fyrirkomulags á undirsvæðum eða svæðum að tryggja að farið sé eftir og framfylgt verndunar- og stjórnunarráðstöfunum og komið á fót viðeigandi, skilvirkum kerfum til eftirlits og stjórnunar á starfsemi fiskiskipa og skipum er þjónusta þau.

6.11 Ríki sem leyfa fiskiskipum og þjónustuskipum að sigla undir fánum sínum ættu að hafa virka stjórn á þeim til þess að tryggja að þessar siðareglur séu í heiðri hafðar. Þau ættu að tryggja að starfsemi slíkra skipa grafi ekki undan áhrifum verndunar- og stjórnunarráðstafana sem gerðar eru í samræmi við þjóðarétt og ákveðnar fyrir einstök ríki, undirsvæði, svæði eða heiminn allan. Ríki ættu einnig að tryggja að skip sem sigla undir fánum þeirra uppfylli þær skyldur að safna og leggja fram gögn um veiðar sínar.



6.12 Ríki ættu í samræmi við valdbærni sína og þjóðarétt að hafa samstarf á undirsvæðum, svæðum og í heiminum öllum á vettvangi veiðistjórnarstofnana, annarra alþjóðlegra stofnana eða annars fyrirkomulags sem er ætlað að stuðla að verndun og stjórnun í þeim tilgangi að tryggja ábyrgar veiðar og virka verndun og varðveislu lifandi auðlinda vatns og sjávar hvar sem þær er að finna um leið og tekið er tillit til þarfarinnar fyrir samþýðanlegar ráðstafanir innan og utan lögsagna ríkja

6.13 Ríki ættu, að svo miklu leyti sem lög þeirra og reglugerðir leyfa, að tryggja að ferli við töku ákvarðana sé gagnsætt og að áriðandi mál séu leyst tímanlega. Ríki ættu með viðeigandi reglum að greiða fyrir samráði og virkri þátttöku fiskiðnaðarins, fiskverkfólks, umhverfissamtaka og annarra áhugasamtaka þegar ákvarðanir eru teknar sem snerta breytingar á lögum og stefnumiðum sem tengjast stjórn fiskimála, þróun, alþjóðlegum lánveitingum og aðstoð.

6.14 Alþjóðleg viðskipti með fisk og fiskafurðir ættu að fara fram í samræmi við þær grunnreglur, réttindi og skyldur sem fram eru settar í samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) og öðrum viðeignadi alþjóðlegum samningum. Ríki ættu að tryggja að stefnumið þeirra, áætlanir og aðferðir sem tengjast viðskiptum með fisk og fiskafurðir leiði ekki af sér hindranir fyrir þessi viðskipti, hnignun umhverfis eða neikvæð áhrif félagslega þ.á.m. næringarfræðilega.

6.15 Ríki ættu að vinna saman til að forðast deilur. Allar deilur sem tengjast fiskveiðum og starfsemi þeim tengdum ætti að leysa tímanlega og á friðsamlegan hátt með samvinnu í samræmi við viðeigandi alþjóðasamninga eða á annan hátt sem aðilar semja um. Meðan ekki næst að leysa deilumál ættu hlutaðeigandi ríki að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma á nothæfu fyrirkomulagi til bráðabirgða sem ætti ekki að hafa áhrif á endanlega niðurstöðu málsmeðferðar til lausnar deilumála.

6.16 Þegar haft er í huga hve mikilvægt það er fyrir fiskimenn og þá sem stunda fiskeldi að skilningur sé á verndun og veiðistjórn nytjastofna sem þeir byggja afkomu sína á, ættu ríki að stuðla að skilningi á ábyrgð í fiskimálum með menntun og þjálfun. Þau ættu að tryggja að fiskimenn og fiskeldismenn taki þátt í stefnumótun og framkvæmd veiðistjórnar, einnig með það fyrir augum að greiða fyrir framkvæmd siðareglanna.

6.17 Ríki ættu að tryggja að aðstaða og búnaður til fiskveiða svo og öll starfsemi á sviði fiskimála geri ráð fyrir öruggum, heilsusamlegum og sanngjörnum lífs- og starfsskilyrðum og fullnægi alþjóðlegum stöðlum sem samþykktir hafa verið af hlutaðeigandi alþjóðastofnunum.

6.18 Þegar haft er í huga hið mikilvæga framlag sjálfsþurftaveiða og fiskveiða í smærri stíl fyrir atvinnu, tekjur og tryggt fæðuframboð ættu ríki, einkum þar sem stundaðar eru veiðar til sjálfsþurfta, í smáum stíl og lítt vélvæddar, á viðeigandi hátt að verja rétt fiskimanna og fiskiðnaðarfólks til öruggrar og sanngjarnrar lífsafkomu og veita þessum aðilum jafnframt forgang að hefðbundnum fiskimiðum og auðlindum hafsins innan lögsagna sinna.

6.19 Ríki ættu að líta á fiskeldi, þar með taldar fiskveiðar byggðar á eldi, sem leið til að stuðla að fjölbreyttari tekjumöguleikum og betra mataræði. Um leið ættu ríki að tryggja að auðlindir séu nýttar á ábyrgan hátt og að skaðlegum áhrifum á umhverfið og staðbundin samfélög sé haldið í lágmarki.

## 7. GREIN - STJÓRNUN FISKVEIÐA

### 7.1 Almenn atriði

7.1.1 Ríki og allir þeir sem fara með stjórnun fiskveiða ættu með viðeigandi stefnu, laga- og stofnanaramma að gera ráðstafanir til verndunar og sjálfbærrar nýtingar nytjastofna til lengri tíma litið. Ráðstafanir til verndunar og stjórnunar, hvort sem þær eru staðbundnar, á landsvísu, fyrir undirsvæði eða svæði, ættu að byggjast á bestu vísindalegu niðurstöðum og vera gerðar til að tryggja til lengri tíma litið sjálfbærni nytjastofna í þeim stærðum er stuðla að því að markmið um bestu nýtingu náist og viðhaldi þeirra fyrir þá sem nú lifa og komandi kynslóðir; Skammtímasjónarmið ættu ekki að tefla þessum markmiðum í tvísýnu.

7.1.2 Á svæðum innan innlendrar lögsögu ættu ríki að reyna að gera sér grein fyrir því hvaða hlutaðeigandi innlendir aðilar hafa réttmæta hagsmuni af nýtingu og stjórnun nytjastofna og koma á fyrirkomulagi um samráð við þá til samstarfs um ábyrgð í fiskimálum.

7.1.3 Þegar um er að ræða stofna sem tilheyra fleiri en einni lögsögu, deilistofna, víðförula stofna og stofna í úthafinu sem nýttir eru af tveim eða fleiri ríkjum ættu ríki sem hlut eiga að máli, þ.á.m. viðeigandi strandríki vegna deilistofna og víðförulla stofna, að hafa samstarf um að tryggja virka verndun og stjórnun auðlindanna. Þessu ætti að ná fram þegar við á með því að koma á veiðistofnunum eða -fyrirkomulagi, tvíhliða, á undirsvæðum eða svæðum.

7.1.4 Veiðistjórnarstofnun eða -fyrirkomulag á undirsvæði eða svæði ættu að hafa fulltrúa frá þeim ríkjum er hafa auðlindirnar í lögsögu sinni svo og fulltrúa frá ríkjum sem hafa raunverulega hagsmuni vegna fiskveiða eða auðlinda utan lögsögu sinnar. Þegar fyrir hendi er veiðistjórnarstofnun eða -fyrirkomulag á undirsvæði eða svæði sem er til þess bært að gera ráðstafanir um verndun og stjórnun ættu ríki að hafa samstarf m.þ.a. gerast meðlimir slíkra stofnana eða þátttakendur í slíku fyrirkomulagi og m.þ.a. taka virkan þátt í starfi þeirra.

7.1.5 Ríki sem ekki er aðili að veiðistjórnarstofnun á undirsvæði eða svæði eða er ekki þátttakandi í fyrirkomulagi um veiðistjórnun á undirsvæði eða svæði ætti eigi að síður í samræmi við hlutaðeigandi alþjóðasamninga og þjóðarétt að hafa samstarf um verndun og stjórnun viðeigandi nytjastofna með því að beita þeim verndunar- og stjórnunarráðstöfunum sem alþjóðastofnun eða -fyrirkomulag hefur samþykkt.

7.1.6 Fulltrúar frá hlutaðeigandi stofnunum er fjalla um fiskveiðar, bæði opinberum stofnunum og félagasamtökum ættu að fá tækifæri til að taka þátt í fundum veiðistjórnarstofnana eða -fyrirkomulags á undirsvæðum eða svæðum sem áheyrnarfulltrúar eða á annan hátt eins og við á í samræmi við starfsvenjur

viðkomandi stofnunar eða fyrirkomulags. Þessir fulltrúar ættu að fá aðgang tímanlega að skrá og skýrslum slíkra funda í samræmi við reglur um aðgengi að þeim.

7.1.7 Ríki ættu eins og þau hafa vald til og getu að koma á virkum kerfum um gæslu, eftirlit og framfylgd í fiskveiðum til að tryggja að farið sé eftir verndunar- og stjórnunarráðstöfunum svo og reglum stofnana og fyrirkomulags fyrir undirsvæði og svæði.

7.1.8 Ríki ættu að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða eyða umframveiðigetunni og ættu að tryggja að sókn sé í samræmi við sjálfbæra nýtingu nytjastofna í þeim tilgangi að tryggja virkni verndunar- og stjórnunarráðstafana.

7.1.9 Ríki, veiðistjórnarstofnanir eða -fyrirkomulag á undirsvæðum eða svæðum ættu að tryggja gagnsæi í stjórnun fiskveiða og ferli ákvarðana sem henni tengist.

7.1.10 Ríki, veiðistjórnarstofnanir eða -fyrirkomulag á undirsvæðum eða svæðum ættu að kynna verndunar- og stjórnunarráðstafanir nægilega vel og tryggja að lögum, reglum og reglugerðum um framkvæmd þeirra sé dreift með virkum hætti. Notendur auðlindanna ættu að fá upplýsingar um grundvöll og tilgang slíkra ráðstafana til að gera það auðveldara að beita þeim og auka þannig fylgi við framkvæmd þeirra.

## 7.2 Markmið stjórnunar

7.2.1 Þar eð viðurkennt er að sjálfbær nýting nytjastofna til lengri tíma litið er aðalmarkmið verndunar- og stjórnunar ættu ríki veiðistjórnarstofnanir eða -fyrirkomulag á undirsvæði eða svæði m.a. að samþykkja viðeigandi ráðstafanir byggðar á bestu vísindalegum niðurstöðum með það að markmiði að stofnum sé haldið í eða komið aftur upp í þá stærð sem getur staðið undir hámarksafli til lengri tíma litið með þeim takmörkunum sem felast í viðkomandi umhverfis- og efnahagsaðstæðum m.a. sérþörfum þróunarríkja.

7.2.2 Þessar ráðstafanir ættu m.a. að fela það í sér að:

- a) komist sé hjá umframveiðigetunni og nýting stofna haldist hagkvæm;
- b) efnahagslegt umhverfi sjávarútvegsins stuðli að ábyrgum veiðum;
- c) hagsmunir fiskimanna, þ.á.m. þeirra sem fást við sjálfsþurftaveiðar, veiðar í smáum stíl og lítt tæknivæddar séu teknir til athugunar;
- d) líffræðilegur fjölbreytileiki búsvæða og vistkerfis vatns og sjávar sé varðveittur og tegundir í útrýmingarhættu friðaðar;
- e) stofnum sem búið var að ganga nærri sé leyft að ná sér eða þar sem við á að þeir séu markvisst byggðir upp að nýju;
- f) skaðleg áhrif manna á umhverfi auðlindanna séu metin og lagfærð þar sem við á; og
- g) mengun, úrgangi, frákasti, afli í glötuð eða yfirgefin veiðarfæri, aukaafli fisks og annarra tegunda og áhrifum á tengdar eða háðar tegundir sé haldið í lágmarki með ráðstöfunum sem fela m.a. í sér að svo miklu leyti sem unnt er þróun og notkun kjörhæfra veiðarfæra og tækni sem er skaðlaus umhverfinu og er hagkvæm.

7.2.3 Ríki ættu að meta áhrif umhverfispátta á sóknarstofna og tegundir sem tilheyra sama vistkerfi eða eru tengdar eða háðar sóknarstofni og meta sambandið milli stofna í vistkerfinu.

### **7.3 Stjórnunarrámmi og málsmeðferð**

7.3.1 Virk veiðistjórn ætti að ná yfir allan viðkomandi stofn á öllu því svæði sem hann dreifist um og taka tillit til stjórnunarráðstafana sem áður hafa verið samþykktar og notaðar á svæðinu, allra veiða, líffræðilegrar heildar og annarra líffræðilegra eiginleika stofnsins. Bestu vísindalegar niðurstöður ætti að nota m.a. til að ákveða svæðið sem stofninn dreifist um og svæðið sem hann fer um á æviskeiði sínu.

7.3.2 Til verndunar og stjórnunar á stofnum sem tilheyra fleiri en einni lögsögu, deilistofnum, víðförulum stofnum og stofnum í úthafinu á útbreiðslusvæðum þeirra í heild ættu verndunar- og stjórnunarráðstafanir innan valdbærnimarka viðkomandi ríkja eða eins og við á veiðistjórnarstofnana eða -fyrirkomulags á undirsvæðum eða svæðum að vera samþýðanlegar. Þetta ætti að nást með aðferðum sem eru í samræmi við réttindi, vald og hagsmuni viðkomandi ríkja.

7.3.3 Markmið stjórnunar til lengri tíma litið ættu að leiða til aðgerða í formi veiðistjórnaráætlunar eða stjórnunarramma.

7.3.4 Ríki eða þar sem við á veiðistjórnarstofnanir eða -fyrirkomulag á undirsvæðum eða svæðum ættu að ýta undir og efla alþjóðasamstarf og samhæfingu í öllum málum er tengjast fiskveiðum, þ.á.m. söfnun og skipti á gögnum, fiskirannsóknir, stjórnun og þróun.

7.3.5 Ríki sem ætla sér gegnum stofnun er ekki tengist fiskimálum að grípa til aðgerða er geta haft áhrif á ráðstafanir til verndunar og stjórnunar þar til bærrar veiðistjórnarstofnunar eða -fyrirkomulags ættu að hafa samráð við þessa aðila með sem mestum fyrirvara og taka tillit til skoðana þeirra.

### **7.4 Gagnasöfnun og ráðgjöf um stjórnun**

7.4.1 Þegar í athugun er að samþykkja ráðstafanir um verndun og stjórnun ætti að hafa bestu vísindalegu niðurstöður til hliðsjónar til að meta ástand nytjastofna og hugsanleg áhrif fyrirhugaðra ráðstafana á auðlindirnar.

7.4.2 Efla ætti rannsóknir til stuðnings verndun og stjórnun fiskimála, þ.á.m. rannsóknir á auðlindunum og á áhrifum veðurfars, umhverfis og félagslegra og efnahagslegra þátta. Niðurstöðum slíkra rannsókna ætti að dreifa til þeirra sem málið varðar.

7.4.3 Efla ætti rannsóknir er auka skilning á kostnaði, ábata og áhrifum mismunandi stjórnunarleiða í þeim tilgangi að hagræða í veiðum, sérstaklega með tilliti til umframveiðigetu og mikils sóknarþunga.

7.4.4 Ríki ættu að tryggja að fullfrágengnum og áreiðanlegum tölfræðilegum gögnum um veiðar og sókn sé safnað tímanlega og þeim haldið við í samræmi við viðeigandi alþjóðastaðla og starfsvenjur og að þau séu nógu ítarleg fyrir trausta

tölfræðilega greiningu. Slík gögn ætti að uppfæra reglulega og sannreyna þau með réttum aðferðum. Ríki ættu að safna og dreifa slíkum gögnum á þann hátt að samræmist kröfum sem gerðar eru um trúnað.

7.4.5 Til að tryggja að stjórnun fiskimála miði að sjálfbærni og að félagsleg og efnahagsleg markmið náist ætti að skapa nægilega þekkingu á félagslegum, efnahagslegum og stofnanatengdum þáttum með gagnasöfnun, greiningu og rannsóknum.

7.4.6 Ríki ættu að safna gögnum er varða fiskimál og öðrum vísindalegum gögnum um fiskstofna sem eru á verksviði veiðistjórnarstofnana eða -fyrirkomulags á undirsvæðum eða svæðum í alþjóðlega viðurkenndu formi og koma þeim tímanlega til þeirra. Þegar um er að ræða stofna sem eru í lögsögu fleiri en eins ríkis og ekki eru undir stjórn stofnunar eða fyrirkomulags ættu ríkin sem í hlut eiga að fallast á samstarfskerfi til að safna og skiptast á slíkum gögnum.

7.4.7 Veiðistjórnarstofnanir eða -fyrirkomulag á undirsvæðum eða svæðum ættu að safna og dreifa gögnum á þann hátt að samræmist kröfum sem gerðar eru um trúnað, gera það tímanlega og í alþjóðlega viðurkenndu formi og koma þeim til allra aðila þessara stofnana og til annarra sem málið varðar í samræmi við áður samþykktar starfsreglur.

## **7.5 Varúðarnálgun**

7.5.1 Ríki ættu að beita varúðarnálgun í ríkum mæli við verndun, stjórnun og nýtingu lifandi auðlinda vatns og sjávar til að vernda þær og varðveita umhverfi þeirra. Skorti á fullnægjandi vísindalegum upplýsingum skal ekki beitt sem rökum til að fresta eða láta hjá líða að gera verndunar- eða stjórnunarráðstafanir.

7.5.2 Við framkvæmd varúðarnálgunar ættu ríki að hafa m.a. í huga óvissu varðandi stærð og viðkomu stofnanna, viðmiðunarmörk, ástand stofnanna með tilliti til þessara viðmiðunarmarka, stig og dreifingu veiðidánartalna og áhrif veiða þ.m.t. frákasts, á aðrar tegundir en sóknartegundir og tengdar eða háðar tegundir, svo og til umhverfis og félagslegra og efnahagslegra aðstæðna.

7.5.3 Ríki, veiðistjórnarstofnanir eða -fyrirkomulag á undirsvæðum eða svæðum ættu á grundvelli bestu vísindalegu niðurstaðna m.a. að ákveða:

- a) sóknarviðmiðunarmörk fyrir hvern stofn og á sama tíma hvaða aðgerða skuli gripið til ef farið er fram úr þeim; og
- b) takmarkaviðmiðunarmörk fyrir hvern stofn og á sama tíma hvaða aðgerða skuli gripið til ef farið er fram úr þeim. Þegar stofn nálgast takmarkaviðmiðunarmörk ætti að grípa til ráðstafana til að tryggja að ekki sé farið fram úr þeim.

7.5.4 Ríki ættu að ákveða eins fljótt og unnt er varfærnar verndunar- og stjórnunarráðstafanir sem fela m.a. í sér takmarkanir á afla og sókn vegna nýrra veiða eða tilraunaveiða. Slíkar ráðstafanir ættu að gilda þar til fyrir hendi eru nægileg gögn til að meta áhrif veiðanna á sjálfbærni stofnanna til lengri tíma lítið en því næst ætti að

gera verndunar- og stjórnunarráðstafanir sem byggðar eru á því mati. Síðarnefndu ráðstafanirnar ættu að gera ráð fyrir þróun veiðanna stig af stigi ef við á.

7.5.5 Ef náttúrulegt fyrirbæri hefur veruleg skaðleg áhrif á lifandi auðlindir vatns og sjávar, ættu ríki að ákveða verndunar- og stjórnunarráðstafanir á neyðargrundvelli til að tryggja að veiðar auki ekki þessi skaðlegu áhrif. Ríki ættu einnig að ákveða slíkar ráðstafanir á neyðargrundvelli þegar veiðar stofna sjálfbærni slíkra stofna í alvarlega hættu. Ráðstafanir sem gerðar eru á neyðargrundvelli ættu að vera tímabundnar og byggðar á bestu tiltækum vísindalegum niðurstöðum.

## **7.6 Stjórnunarráðstafanir**

7.6.1 Ríki ættu að tryggja að leyfilegar veiðar séu í samræmi við ástand nytjastofna.

7.6.2 Ríki ættu að samþykkja ráðstafanir til að tryggja að ekkert skip fái að veiða nema það hafi til þess leyfi og veiði í samræmi við ákvæði þjóðaréttar á úthafinu eða í samræmi við innlend lög í innlendri lögsögu.

7.6.3 Þar sem umframveiðigeta er fyrir hendi ætti að koma á kerfum til að minnka hana að því marki sem er í samræmi við sjálfbæra nýtingu nytjastofna til að tryggja að fiskimenn starfi við þau efnahagslegu skilyrði sem efla ábyrgar veiðar. Slík kerfi ættu að fela í sér eftirlit með veiðigetu flotans.

7.6.4 Virkni veiðarfæra sem eru í notkun, veiðiaðferðir og venjur ætti að rannsaka og gera ráðstafanir til að tryggja að dregið sé úr þeirri notkun veiðarfæra, veiðiaðferðum og venjum sem ekki samræmast ábyrgum veiðum og í staðinn valdir betri kostir. Í því ferli ætti að gæta sérstaklega að áhrifum slíkra ráðstafana á fiskveiðisamfélög þ.á.m. getu þeirra til að nýta auðlindina.

7.6.5 Ríki, veiðistjórnarstofnanir eða -fyrirkomulag á undirsvæðum eða svæðum ættu að stjórna veiðum þannig að komist sé hjá hættu á árekstrum milli fiskimanna er nota mismunandi skip, veiðarfæri eða veiðiaðferðir.

7.6.6 Þegar notkun, verndun og stjórnun nytjastofna er ákveðin ætti í samræmi við innlend lög og reglugerðir að taka tilhlýðilegt tillit til hefðbundinna starfsvenja, þarfa og hagsmuna fólks sem þar býr og fiskveiðisamfélaga á staðnum sem eru mjög háð nytjastofnunum sér til lífsviðurværis.

7.6.7 Þegar metnar eru verndunar- og stjórnunarráðstafanir sem eiga að koma í stað annarra ætti að taka tillit til hagkvæmnisjónarmiða og félagslegra áhrifa þeirra.

7.6.8 Áhrif verndunar- og stjórnunarráðstafana og hugsanleg tengsl þar á milli ættu að vera í sífelldri endurskoðun. Slíkar ráðstafanir ætti að endurskoða eða afnema eins og við á í ljósi nýrra upplýsinga.

7.6.9 Ríki ættu að gera viðeigandi ráðstafanir til að halda í lágmarki úrgangi, frácasti, afla í glötuð eða yfirgefin veiðarfæri, aukaafli fisks og annarra tegunda og neikvæðum áhrifum á tengdar eða háðar tegundir, einkum tegundir í útrýmingarhættu. Þegar við á gætu slíkar ráðstafanir verið fólgnar í tæknilegum ráðstöfunum er tengjast fiskstærð, gerð veiðarfæra eða möskvastærð, frácasti, lokuðum svæðum eða

banntímabilum og svæðum sem aðeins eru opin vegna sérstakra veiða, einkum sjálfsþurftaveiða. Slíkum ráðstöfunum ætti að beita þegar við á til verndar ungvíði og hrygningarfiski. Ríki, veiðistjórnarstofnanir eða -fyrirkomulag á undirsvæðum eða svæðum ættu að efla þróun og notkun kjörhæfra, og hagkvæmra veiðarfæra og aðferða og þeirra sem eru ekki skaðlegar frá umhverfissjónarmiðum.

7.6.10 Ríki, veiðistjórnarstofnanir eða –fyrirkomulag á undirsvæðum eða svæðum ættu að gera ráðstafanir innan ramma valdbærni sinnar til viðvarandi uppbyggingar þeirra stofna sem mjög hefur gengið á og stofna sem eru í hættu af slíku. Þau ættu að reyna af fremsta megni að tryggja uppbyggingu þeirra auðlinda og búsvæða sem orðið hafa fyrir slæmum áhrifum vegna veiða eða annarrar starfsemi manna en hafa úrslitaþýðingu fyrir gott ástand nytjastofnanna.

## **7.7 Framkvæmd**

7.7.1 Ríki ættu að tryggja að virkum laga- og stjórnunarramma sé komið á, staðbundið eða á landvísu eins og við á, til verndunar- og stjórnunar nytjastofna.

7.7.2 Ríki ættu að tryggja að í lögum og reglugerðum séu viðurlög sem beita má við brotum og eru nægilega ströng til að vera virk, þ.á.m. viðurlög sem heimila synjun, afturköllun eða tímabundna sviptingu veiðileyfa ef ekki er farið eftir þeim verndunar- og stjórnunarráðstöfunum sem í gildi eru.

7.7.3 Ríki ættu í samræmi við innlend lög sín að beita ráðstöfunum til virkrar gæslu, eftirlits og lagaframfylgdar með fiskveiðum þ.á.m. eins og við á ráðstöfunum um eftirlitskerfi, skoðunarkerfi og kerfi fyrir eftirlit með skipum. Slíkar ráðstafanir ætti að efla og þar sem við á framkvæma á vegum veiðistjórnarstofnana eða -fyrirkomulags á undirsvæðum eða svæðum í samræmi við reglur þeirra.

7.7.4 Ríki, veiðistjórnarstofnanir eða -fyrirkomulag á undirsvæðum eða svæðum eins og við á ættu að koma sér saman um fjármögnun á starfsemi slíkra stofnana og fyrirkomulags og hafa í huga m.a. hlutfallslegan hag af veiðunum og mismunandi getu landa til að leggja til fjármagn og annað. Þegar við á og hægt er ættu slíkar stofnanir og fyrirkomulag að stefna að því að fá greiddan kostnaðinn við verndun, stjórnun og fiskirannsóknir.

7.7.5 Ríki sem eru aðilar að eða þátttakendur í veiðistjórnarstofnunum eða -fyrirkomulagi á undirsvæðum eða svæðum ættu að framkvæma alþjóðlega samþykktar ráðstafanir sem gerðar hafa verið innan ramma slíkra stofnana eða fyrirkomulags og í samræmi við þjóðarétt til að hindra starfsemi skipa sem sigla undir fána þeirra sem ekki eru aðilar eða þátttakendur þegar hún grefur undan virkni verndunar- og stjórnunarráðstafana sem gerðar hafa verið hjá slíkum stofnunum eða fyrirkomulagi.

## **7.8 Fjármálastofnanir**

7.8.1 Ríki ættu, án þess að það hafi áhrif á viðkomandi alþjóðasamninga, að hvetja banka og fjármálastofnanir til að gera það ekki að skilyrði fyrir láni eða veðsetningu að fiskiskip eða skip er þjónusta þau sigli undir fána annars ríkis en þar sem

hagsmunir eiganda skipsins liggja þegar slík kvöð mundi hafa þau áhrif að auka líkur á að ekki yrði farið eftir alþjóðlegum verndunar- og stjórnunarráðstöfunum.

## 8. GREIN - FISKVEIÐAR

### 8.1 Skyldur allra ríkja

8.1.1 Ríki ættu að tryggja að að einu fiskveiðarnar sem þau leyfa fari fram í lögsögu þeirra og að þær fari fram á ábyrgan hátt.

8.1.2 Ríki ættu að halda skrár sem uppfærðar eru reglulega um öll veiðileyfi sem þau gefa út.

8.1.3 Ríki ættu í samræmi við viðurkennda alþjóðlega staðla og starfsaðferðir að geyma tölfræðigögn sem uppfærð eru reglulega um allar fiskveiðar sem þau hafa leyft.

8.1.4 Ríki ættu í samræmi við þjóðarétt og innan ramma stofnana eða fyrirkomulags um stjórnun fiskimála á undirsvæðum eða svæðum að hafa samstarf um að koma á kerfum til gæslu, eftirlits og framfylgdar á ráðstöfunum sem við eiga og varða veiðar og skylda starfsemi á hafsvæðum utan lögsagna þeirra.

8.1.5 Ríki ættu að tryggja að heilbrigðis- og öryggisstaðlar séu teknir upp fyrir alla sem starfa við fiskveiðar. Slíkir staðlar eiga ekki að vera vægari en lágmarkskröfur viðeigandi alþjóðastofnana gera ráð fyrir um vinnuáætlaðar og þjónustu.

8.1.6 Ríki ættu að gera samninga hvert fyrir sig, með öðrum ríkjum eða með viðeigandi alþjóðastofnunum um að fella fiskveiðar undir leitar- og björgunarkerfi á sjó.

8.1.7 Ríki ættu að auka menntun og færni fiskimanna og þar sem við á fagrétindi þeirra með menntunar- og þjálfunaráætlunum Slíkar áætlanir ættu að taka tillit til alþjóðastaðla og viðmiðunarreglna sem samþykktar hafa verið.

8.1.8 Ríki ættu eins og við á að halda skýrslur um fiskimenn og ættu þær sem oftast að hafa að geyma upplýsingar um starfstíma þeirra og fagmenntun, þ.á.m. fagrétindaskírteini í samræmi við landslög.

8.1.9 Ríki ættu að tryggja að í reglum sem beita má gagnvart skipstjórum og öðrum yfirmönnum skulu vera ákvæði er heimila m.a. synjun, afturköllun eða tímabundna sviptingu leyfa til að gegna stöðu skipstjóra eða annarra yfirmanna fiskiskipa.

8.1.10 Ríki ættu með aðstoð viðeigandi alþjóðastofnana að reyna að tryggja með menntun og þjálfun að allir þeir sem taka þátt í veiðum fái upplýsingar um mikilvægustu ákvæði þessara siðareglna og viðeigandi alþjóðasamninga, svo og upplýsingar um umhverfisstaðla og aðra staðla sem eru nauðsynlegir til að tryggja ábyrgar veiðar.



## 8.2 Skyldur fánaríkja

8.2.1 Fánaríki ættu að halda skrár um veiðiskip sem mega sigla undir fána þeirra og hafa leyfi til fiskveiða og þau ættu að hafa í slíkum skráum nánari upplýsingar um skipin, eigendur þeirra og veiðileyfi.

8.2.2 Fánaríki ættu að tryggja að engin fiskiskip sem sigla mega undir fána þeirra stundi veiðar á úthöfunum eða í lögsögu annarra ríkja nema þau hafi fengið skráningarskírteini og veiðileyfi hjá til þess bærnum yfirvöldum. Þau skip ættu að hafa skráningarskírteinið og veiðileyfið um borð.

8.2.3 Fiskiskip sem hafa veiðileyfi á úthafinu eða í lögsögu annarra ríkja en fánaríkisins ættu að vera merkt samkvæmt samræmdum og alþjóðlega þekktum merkingarkerfum fyrir skip svo sem stöðluðum lýsingum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna fyrir merkingu og skráningu fiskiskipa.

8.2.4 Veiðarfæri ætti að merkja í samræmi við innlend lög til að hægt sé að bera kennsl á eiganda þeirra. Kröfur um veiðarfæramerkingar ættu að taka tillit til samræmdra og alþjóðlega þekktra kerfa fyrir veiðarfæramerkingar.

8.2.5 Fánaríki ættu að tryggja að farið sé eftir viðeigandi öryggiskröfum fyrir fiskiskip og fiskimenn í samræmi við alþjóðasamninga, alþjóðlega samþykktar starfsreglur og valfrjálssar viðmiðunarreglur. Ríki ættu að taka upp viðeigandi öryggiskröfur fyrir öll lítil skip sem heyra ekki undir slíka alþjóðasamninga, starfsreglur eða valfrjálssar viðmiðunarreglur.

8.2.6 Ríki sem ekki eiga aðild að samningnum um að stuðla að því að fiskiskip á úthöfunum fylgi alþjóðlegum ráðstöfunum til verndunar og veiðistjórnar<sup>6</sup> ætti að hvetja til samþykktar á samningnum og taka upp lög og reglugerðir sem eru í samræmi við ákvæði samningsins.

8.2.7 Ríki ættu að beita ráðstöfunum til framfylgdar vegna fiskiskipa sem sigla mega undir fána þeirra en hafa brotið gegn þeim ráðstöfunum sem við eiga um verndun og stjórnun, þ.á.m. þegar við á að gera slík brot refsiverð í innlendum lögum. Viðurlög sem beita má við brotum ættu að vera nægilega ströng til að tryggja að farið sé eftir þessum ráðstöfunum og til að vinna gegn brotum hvar sem þau eiga sér stað og ættu að svipta hina brotlegu hagnaði af ólögætum athöfnum þeirra. Slík viðurlög geta við alvarleg brot innifalið ákvæði til synjunar, afturköllunar eða tímabundinnar sviptingar á veiðileyfi.

8.2.8 Fánaríki ættu að greiða fyrir því að eigendur og leigutakar fiskiskipa geti tekið tryggingar. Þeir ættu að vera nægilega vel tryggðir til að vernda skipshafnir og hagsmuni þeirra, til að greiða þriðja aðila skaðabætur vegna tjón eða skemmda og til að gæta eigin hagsmuna.

---

<sup>6</sup> Enskt heiti samnings kemur fram í neðanmálgrein í inngangskafli (innskot þýðanda).

8.2.9 Fánaríki ættu að tryggja að áhafnir eigi rétt á flutningi til heimalands síns með tilliti til reglna sem settar voru fram í samningi um heimflutning sjófarenda (endurskoðuðum), 1987, (nr.166)<sup>7</sup>.

8.2.10 Verði slys um borð í veiðiskipi eða skipið fyrir óhappi ætti fánaríki skipsins að gefa upplýsingar um slysið til heimalands manna um borð. Slíkar upplýsingar ætti einnig, að svo miklu leyti sem unnt er að senda til Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar.

### **8.3 Skyldur hafnríkja**

8.3.1 Hafnríki ættu með reglum sem settar hafa verið í innlendum reglugerðum og í samræmi við þjóðarétt, þ.á.m. viðeigandi alþjóðasamninga eða fyrirkomulag, að gera þær ráðstafanir og aðstoða önnur ríki við að gera þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að ná fram markmiðum þessara siðareglna og ættu að gera öðrum ríkjum kunnugt hvaða ráðstafana hefur verið gripið til í þessum tilgangi. Hafnríki ætti að gæta þess að slíkar ráðstafanir mismuni ekki skipum neinna ríkja, hvorki í orði né á borði.

8.3.2 Hafnríki ættu að veita fánaríkjum viðeigandi aðstoð í samræmi við landslög í hafnríkinu og þjóðarétt þegar skip eru ótilneydd í höfnum þess eða á stöðvum undan ströndum þess og fánaríki skipsins biður hafnríkið um aðstoð vegna þess að ekki hefur verið fylgt verndunar og stjórnunarráðstöfunum er gilda á undirsvæðum, svæðum eða fyrir heiminn allan eða eru alþjóðlega samþykktir lágmarksstaðlar gegn mengun eða staðlar sem gilda fyrir öryggi, heilsuvernd og vinnuaðstæður um borð í fiskiskipum.

### **8.4 Fiskveiðar**

8.4.1 Ríki ættu að tryggja að veiðar fari fram með fullnægjandi tilliti til öryggis mannlífa og í samræmi við reglur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, þ.e. alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, svo og reglur stofnunarinnar um skipulag umferðar á sjó, varðveislu umhverfis hafsins og varnir gegn tjóni eða tapi á veiðarfærum.

8.4.2 Ríki ættu að banna notkun sprengiefnis, eiturs eða annarra sambærilegra eyðileggjandi veiðiaðferða.

8.4.3 Ríki ættu að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að tryggja að haldið sé til haga skýrslum um veiðar, fiskafla og annan afla um borð, svo og þeim upplýsingum um frákast sem viðkomandi stjórnarstofnanir ákveða að þörf sé á fyrir stofnmat og að þær séu sendar stofnunum reglulega. Ríki ættu eins og þeim er framast unnt að koma á áætlunum er taka til eftirlitsmanna og skoðunarkerfa til að auka framfylgd við viðeigandi ráðstafanir.

8.4.4 Ríki ættu að stuðla að því fyrir ákjósanlega meðferð og nýtingu afla að besta viðeigandi tækni, sem efnahagsskilyrði bjóða upp á, sé tekin í notkun.

---

<sup>7</sup> Samningurinn hefur ekki verið þýddur á íslensku (innsk. þýðanda).

8.4.5 Ríki ættu ásamt viðeigandi aðilum úr iðnaðinum að hvetja til þróunar og notkunar á tækni og aðferðum er minnka frákast. Vinna ætti gegn notkun þeirra veiðarfæra og aðferða sem leiða til frákasts afla og efla ætti notkun þeirra veiðarfæra og aðferða sem sleppa fiski frekar lifandi.

8.4.6 Ríki ættu að hafa samstarf um að þróa og nota tækni, efni og aðferðir til að halda í lágmarki missi veiðarfæra og fiskidauða í netum sem skip hafa misst eða skilið eftir.

8.4.7 Ríki ættu að tryggja að mat á hugsanlegum áhrifum röskunar á búsvæðum fari fram áður en farið er að nota ný veiðarfæri eða veiðiaðferðir á ákveðnu hafsvæði.

8.4.8 Efla ætti rannsóknir er varpa ljósi á umhverfisleg og félagsleg áhrif af notkun veiðarfæra og rannsaka sérstaklega áhrif þeirra á líffræðilegan fjölbreytileika og samfélög fólks á strandsvæðum.

## **8.5 Kjörhæfni veiðarfæra**

8.5.1 Ríki ættu að krefjast þess að veiðarfæri, aðferðir og tækni séu eins kjörhæf og unnt er til að halda í lágmarki úrgangi, frákasti, aukaafli fisks og annarra tegunda svo og áhrifum á þær tegundir sem tengjast eða eru háðar þeim og einnig að ekki sé hægt að komast framhjá reglugerðum paraðlútandi með tæknilegum lausnum. Til þess ættu fiskimenn að hafa samstarf um þróun kjörhæfra veiðarfæra og aðferða. Ríki ættu að tryggja að upplýsingar um nýjungar og nýjar kröfur séu öllum fiskimönnum aðgengilegar.

8.5.2 Til að auka kjörhæfni veiðarfæra ættu ríki að taka tillit til þess hvaða kjörhæf veiðarfæri, aðferðir og veiðitækni standa iðnaðinum til boða þegar þau semja lög sín og reglugerðir.

8.5.3 Ríki og viðeigandi stofnanir ættu að starfa saman að því að þróa staðlaðar aðferðir fyrir rannsóknir á kjörhæfni veiðarfæra, veiðiaðferðum og veiðitækni.

8.5.4 Efla ætti alþjóðlegt samstarf um rannsóknáætlanir fyrir kjörhæfni veiðarfæra, aðferðir og veiðitækni, dreifingu niðurstaðna þeirra og miðlun tækniþekkingar.

## **8.6 Besta nýting orku**

8.6.1 Ríki ættu að efla þróun viðeigandi staðla og viðmiðunarreglna sem leiða mundu til betri nýtingar á orku við veiðar, vinnslu og meðferð í sjávarútvegi.

8.6.2 Ríki ættu að efla þróun og yfirfærslu á tækni er lýtur að bestu orkunýtingu í sjávarútvegi og fiskeldi og hvetja sérstaklega eigendur, leigutaka og stjórnendur fiskiskipa til að setja tæki með bestu orkunýtingu um borð.

## **8.7 Varðveisla umhverfis í sjó og vötnum**

8.7.1 Ríki ættu að taka upp og framfylgja lögum og reglugerðum sem byggjast á alþjóðasamningnum um varnir gegn mengun frá skipum, 1973 með breytingum samkvæmt viðeigandi bókun frá 1978 (MARPOL 73/78).

8.7.2 Eigendur, leigutakar og stjórnendur fiskiskipa ættu að tryggja að skipin hafi þau viðeigandi tæki sem reglur MARPOL 73/78 krefjast og ættu að íhuga að setja pressur eða brennsluofna um borð í þau skip sem við á til að meðhöndla sorp og annan skipsúrgang sem verður til í venjulegri sjóferð.

8.7.3 Eigendur, leigutakar og stjórnendur fiskiskipa ættu með réttum innkaupum að halda þeim efnum í lágmarki sem geta orðið að sorpi.

8.7.4 Áhafnir fiskiskipa ætti að þekkja réttar aðferðir til að tryggja að losun fari ekki fram úr því sem reglur MARPOL 73/78 kveða á um. Í það minnsta ættu aðferðirnar að ná yfir losun olíuúrgangs og meðhöndlun og geymslu á sorpi.

## **8.8. Varðveisla andrúmsloftsins**

8.8.1 Ríki ættu að taka upp viðeigandi staðla og viðmiðunarreglur sem fælu í sér ákvæði um minnkun hættulegra efna í útblásturslofti.

8.8.2 Eigendur, leigutakar og stjórnendur fiskiskipa ættu að tryggja að í skipum þeirra sé tæknibúnaður til að minnka losun ósoneyðandi efna. Þeir áhafnarmeðlimir sem ábyrgð bera ættu að kunna rétta notkun véla og rétt viðhald þeirra um borð.

8.8.3 Þar til bær yfirvöld ættu að undirbúa að leggja af smám saman notkun á klórflúorkolefnum (CFC efnum) og hvarfgjörnum efnum svo sem vetnisklórflúorkolefnum (HCFC efnum) í kælikerfum fiskiskipa og ættu að tryggja að skipasmíðaðurinn og þeir sem starfa í fiskiðnaði viti um og fari eftir þessum reglum.

8.8.4 Eigendur, leigutakar og stjórnendur fiskiskipa ættu að gera viðeigandi ráðstafanir til að skipta út CFC og HCFC kælimiðlum fyrir aðra og skipta út halonefnum fyrir önnur efni í eldvarnakerfum. Þennan kost á að velja í tæknilýsingum allra nýrra fiskiskipa.

8.8.5 Ríki, eigendur, leigutakar og stjórnendur fiskiskipa svo og fiskimenn ættu að fylgja alþjóðlegum viðmiðunarreglum fyrir losun á CFC og HCFC efnum svo og haloni.

## **8.9 Hafnir og löndunarstaðir fyrir fiskiskip**

8.9.1 Ríki ættu m.a. að taka tillit til eftirfarandi þátta við hönnun og byggingu hafna og löndunarstaða:

- a) að þar sé öruggt lægi fyrir fiskiskip og nægileg þjónustuaðstaða fyrir skip svo og seljendur og kaupendur;
- b) að þar sé nægur aðgangur að fersku vatni og aðstöðu til þrifa;
- c) að komið sé upp kerfum til sorplosunar, þ.á.m. til losunar á úrgangsolíu, olíumenguðu vatni og veiðarfærum;

- d) að mengun vegna veiðanna og ytri áhrifa sé haldið í lágmarki; og
- e) að gerðar séu ráðstafanir til að vinna gegn áhrifum tæringar og framburðar.

8.9.2 Ríki ættu að koma upp stofnanaramma fyrir staðarval eða umbætur á hafnaraðstöðu fyrir fiskiskip sem gerir þeim sem fara með þróun strandsvæða kleift að hafa samráð sín á milli.

## **8.10 Mannvirki og tæki sem hætt er að nota**

8.10.1 Ríki ættu að tryggja að farið sé eftir stöðlum og viðmiðunarreglum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um fjarlægingu á þeim mannvirkum á hafi úti sem hætt er að nota. Ríki ættu enn fremur að tryggja að haft sé samráð við til þess bær yfirvöld fiskimála áður en ákveðið er að hætta notkun mannvirkja og tækja.

## **8.11 Manngerð rif og fisksöfnunarbúnaður**

8.11.1 Ríki ættu eins og við á að móta stefnu til fjölgunar í stofnum og aukinna tækifæra til veiða með notkun mannvirkja sem sett eru á eða yfir sjávarbotninn eða á yfirborðið með tilhlýðilegu tilliti til öryggis sæfarenda. Rannsóknir á notkun slíkra mannvirkja ætti að efla, þ.á.m. rannsóknir á lifandi auðlindum hafsins og umhverfinu.

8.11.2 Ríki ættu að tryggja að þegar valin eru efni til myndunar manngerðra rifja og staður fyrir þau sé farið eftir ákvæðum viðeigandi alþjóðasamninga um umhverfið og öryggi sæfarenda.

8.11.3 Ríki ættu innan ramma áætlana um stjórnun strandsvæða að koma upp stjórnunarkerfum fyrir manngerð rif og fisksöfnunartæki. Slík stjórnkerfi ættu að krefjast leyfis fyrir byggingu og notkun slíkra rifja og tækja og ættu að taka tillit til hagsmuna fiskimanna, þ.á.m. þeirra sem stunda lítt tæknivæddar veiðar og veiðar til sjálfsþurfta.

8.11.4 Ríki ættu að tryggja að þau yfirvöld sem bera ábyrgð á viðhaldi sjókorta og slíkra gagna fyrir sæfarendur svo og viðeigandi yfirvöld umhverfismála fái upplýsingar um það fyrirfram þegar manngerð rif eða fisksöfnunartæki eru sett niður eða fjarlægð.

## **9. GREIN - ÞRÓUN FISKELDIS**

### **9.1 Ábyrg þróun fiskeldis, þar á meðal fiskveiða sem byggjast á eldi, innan innlendrar lögsögu.**

9.1.1 Ríki ættu að koma á, halda við og þróa viðeigandi laga- og stjórnunarramma sem auðveldar þróun á ábyrgu fiskeldi.

9.1.2 Ríki ættu að efla ábyrga þróun og stjórnun fiskeldis, þar með talið mat sem gert er fyrirfram og byggt er á bestu vísindalegum niðurstöðum á áhrifum eldisþróunar á erfðafræðilegan fjölbreytileika og hina vistfræðilegu heild.

9.1.3 Ríki ættu að semja og uppfæra reglulega eins og með þarf áætlanir um þróun eldis til að tryggja að hún sé vistfræðilega sjálfbær og jafnframt að leyfa skynsamlega notkun auðlinda sem eldi og önnur starfsemi deila með sér.

9.1.4 Ríki ættu að tryggja að lífsviðurværi staðbundinna samfélaga og aðgangur þeirra að fiskimiðum skerðist ekki við þróun eldis.

9.1.5 Ríki ættu að koma á virkum reglum sem eru sérstaklega ætlaðar fyrir eldi til að koma á viðeigandi umhverfismati og eftirliti í þeim tilgangi að halda í lágmarki óæskilegum vistfræðilegum breytingum og þeim efnahagslegu og félagslegu afleiðingum tengdum þeim er stafa af vatnstöku, landnotkun, losun úrgangsefna, notkun lyfja og efna og annarri starfsemi er tengist eldi.

## **9.2 Ábyrg þróun eldis, þar á meðal veiða er byggjast á eldi, innan vistkerfa sem ná yfir lögsögumörk**

9.2.1 Ríki ættu að varðveita þau vistkerfi vatns og sjávar sem ná milli lögsagna með því að styðja ábyrgar starfsaðferðir í eldi í lögsögu sinni og með samstarfi um eflingu sjálfbærra starfsaðferða í eldi.

9.2.2 Ríki ættu með tilhlýðilegri virðingu fyrir nágrannaríkjum og í samræmi við þjóðarétt að tryggja ábyrgt val tegunda, ábyrga staðsetningu og stjórnun á eldisstarfsemi sem gæti haft áhrif á þau vistkerfi vatns og sjávar sem ná milli lögsagna.

9.2.3 Ríki ættu að hafa samráð við nágrannaríkin eins og við á áður en þau setja framandi tegundir í vistkerfi vatns og sjávar sem ná milli lögsagna.

9.2.4 Ríki ættu að koma á viðeigandi kerfum, svo sem gagnabönkum og upplýsinganetum til að safna, deila með sér og dreifa gögnum sem tengjast eldi til að greiða fyrir samstarfi um þróunaráætlanir fyrir eldi hjá einstökum þjóðum, á undirsvæðum, svæðum og á heimsvísu.

9.2.5 Ríki ættu að hafa samstarf um þróun viðeigandi kerfa þegar þess er þörf til að hafa eftirlit með áhrifum aðfanga í fiskeldi.

## **9.3 Notkun erfðaefnis lífvera úr vatni eða sjó í þágu eldis, þ.á.m. veiða sem byggjast á eldi.**

9.3.1 Ríki ættu að varðveita erfðafræðilegan fjölbreytileika og viðhalda samfélögum og vistkerfum vatns og sjávar heilum með viðeigandi stjórnun. Sérstaklega ætti að reyna að halda í lágmarki skaðlegu áhrifum þess að tegundir sem eru umhverfinu framandi eða erfðabreyttir stofnar komi inn í eldi, þ.m.t. veiðar sem byggjast á eldi, einkum þegar verulegar líkur eru á því að þessir framandi og erfðabreyttu stofnar dreifist yfir í lögsögu annarra ríkja til viðbótar svæðum innan lögsögu upprunaríkisins. Ríki ættu, þegar mögulegt er, að stuðla að því að halda í lágmarki skaðlegum erfðafræðilegum áhrifum, sjúkdómum eða öðrum áhrifum á villta stofna frá eldisfiski sem sloppið hefur.

9.3.2 Ríki ættu að starfa saman við útfærslu á, upptöku og framkvæmd alþjóðlegra starfs- og málsmeðferðarreglna við að koma lífverum vatns og sjávar í eldi eða flytja þær.

9.3.3 Til að halda smithættu og öðrum skaðlegum áhrifum á villta og ræktaða stofna í lágmarki ættu ríki að hvetja til upptöku viðeigandi aðferða við kynbætur á klakstofnum, við upphaf eldis á framandi tegundum og í framleiðslu, sölu og flutningi eggja, lirfa, seiða, klakfisks og annarra lífvera. Í þessum tilgangi ættu ríki að greiða fyrir undirbúningi og framkvæmd viðeigandi reglna og aðferða innanlands.

9.3.4 Ríki ættu að hvetja til notkunar viðeigandi aðferða við val á klakstofnum og framleiðslu á eggjum, lirfum og seiðum.

9.3.5 Ríki ættu þar sem við á að efla rannsóknir og þegar hægt er þróun í eldistækni fyrir tegundir í útrýmingarhættu til að varðveita, byggja upp að nýju og styrkja stofna þeirra vegna þess hve mikilvægt er að varðveita erfðafræðilegan fjölbreytileika þeirra.

#### 9.4 **Ábyrgar framleiðsluaðferðir í eldi**

9.4.1 Ríki ættu að efla ábyrga starfshætti í eldi til stuðnings samfélögum í dreifbýli, samtökum framleiðenda og fiskeldismönnum.

9.4.2 Ríki ættu að efla virka þátttöku fiskeldismanna og samfélaga þeirra í þróun ábyrga stjórnunarháttanna í eldi.

9.4.3 Ríki ættu að styðja aðgerðir til að bæta val og notkun á fódri, fóðurbætiefnum og áburði, þ.m.t. húsdýraáburði.

9.4.4 Ríki ættu að efla árangursríkar aðferðir er varða stjórnun fiskeldisstöðva og heilbrigði fisks, helst með hreinlætisráðstöfunum og notkun ónæmislyfja. Tryggja ætti að notkun lyfja, hormóna, sýklalyfja og annarra sjúkdómshemjandi efna sé skaðlaus og virk og henni haldið í lágmarki.

9.4.5 Ríki ættu að hafa stjórn á notkun þeirra efna í eldi sem skaðleg eru heilsu manna og umhverfinu.

9.4.6 Ríki ættu að krefjast þess að losun úrgangs, hvort sem það eru innyfli, botnfall, dauður eða sýktur fiskur, lyfjaleifar eða önnur hættuleg efni, stefni ekki heilbrigði fólks í hættu eða ógni umhverfinu.

9.4.7 Ríki ættu að tryggja að eldisafurðir séu skaðlausar heilsu manna og styðja aðgerðir sem viðhalda vörugæðum og auka virði þeirra með góðri meðferð fyrir og við slátrun, við vinnslu þeirra, geymslu og flutning.

## **10. GREIN – SAMÞÆTTING FISKIMÁLA Í STJÓRNUN STRANDSVÆÐA**

### **10.1 Stofnanarammi**

10.1.1 Ríki ættu að tryggja að viðeigandi ramma um stefnu, lög og stofnanir sé komið á til að ná fram sjálfbærri og samþættri nýtingu auðlinda með tilliti til þess að vistkerfi stranda er hætt við röskun, að náttúruauðlindir eru ekki ótakmarkaðar og að strandsamfélög hafa sínar þarfir.

10.1.2 Í ljósi margvíslegrar notkunar strandsvæða ættu ríki að tryggja að fulltrúar þeirra sem tengjast fiskimálum og fulltrúar fiskveiðisamfélaga séu hafðir með í ráðum í ferlinu við töku ákvarðana og að þeir taki þátt í starfsemi sem tengist áætlunum um stjórnun og þróun strandsvæða.

10.1.3 Ríki ættu að þróa eins og við á stofnana- og lagaramma til að ákveða mögulega notkun á auðlindum strandsvæða og til að stjórna aðgangi að þeim að teknu tilliti til réttinda fiskveiðisamfélaga á strandsvæðum og hefðbundinna aðferða þeirra að svo miklu leyti sem þær samrýmast sjálfbærri þróun.

10.1.4 Ríki ættu að greiða fyrir því að upp séu teknar aðferðir við fiskveiðar sem komast hjá innbyrðis árekstrum meðal þeirra sem nýta auðlindir til veiða og milli þeirra og annarra er nota strandsvæðin.

10.1.5 Ríki ættu að stuðla að gerð reglna og kerfa á viðeigandi stjórnsýslustigum til að leysa deilur sem upp rísa innan fiskimálageirans og milli þeirra sem nýta auðlindirnar og hinna sem nota strandsvæðin á annan hátt.

### **10.2 Stefnumarkandi ráðstafanir**

10.2.1 Ríki ættu að efla skilning meðal almennings á þörfinni fyrir varðveislu og stjórnun auðlinda strandsvæða og þátttöku þeirra sem málið varðar í stjórnunarferlinu.

10.2.2 Til að auðvelda töku ákvarðana um úthlutun og nýtingu auðlinda strandsvæða ættu ríki að efla mat á gildi þeirra, hvernar fyrir sig með tilliti til efnahagslegra, félagslegra og menningarlegra þátta.

10.2.3 Þegar stefna er mótuð um stjórnun strandsvæða ættu ríki að taka tilhlýðilegt tillit til áhættu og óvissuþátta.

10.2.4 Ríki ættu í samræmi við getu sína að koma á og efla kerfi til að hafa eftirlit með umhverfi strandsvæða sem hluta af stjórnun þeirra og nota til þess eðlisfræði-, efnafraði-, líffræði-, efnahags- og félagslega þætti.

10.2.5 Ríki ættu að efla þverfaglegar rannsóknir til að styðja stjórnun strandsvæða, sérstaklega rannsóknir á umhverfis-, líffræði-, efnahags-, félags-, stofnana- og lagalegum þáttum.



### **10.3 Svæðisbundið samstarf**

10.3.1 Ríki með strandsvæði í grennd við hvert annað ættu að hafa samstarf til að greiða fyrir sjálfbærri nýtingu auðlinda strandsvæða og verndun umhverfisins.

10.3.2 Þegar fram fer starfsemi sem kann að hafa slæm umhverfisáhrif yfir í strandsvæði í annarri lögsögu ættu ríki að:

- a) útvega ríkjum sem fyrir þeim verða upplýsingar í tæka tíð og ef mögulegt er tilkynna þeim það fyrirfram;
- b) hafa samráð við þau ríki svo fljótt sem auðið er.

10.3.3 Ríki ættu að hafa samstarf á undirsvæðum og svæðum í þeim tilgangi að bæta stjórnun strandsvæða.

### **10.4 Framkvæmd**

10.4.1 Ríki ættu að koma á kerfum fyrir samstarf og samræmingu meðal innlendra yfirvalda sem starfa við skipulagningu, þróun, verndun og stjórnun á strandsvæðum.

10.4.2 Ríki ættu að tryggja að þau yfirvöld sem fara með fiskimál við stjórnun strandsvæða hafi til þess næga tæknilega getu og fjárhagslegt bolmagn.

## **11.GREIN – MEÐFERÐ OG VIÐSKIPTI MEÐ FISK**

### **11.1 Ábyrg nýting fisks**

11.1.1 Ríki ættu að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja rétt neytenda til aðgangs að skaðlausum, heilnæmum og óspilltum fiski og fiskafurðum.

11.1.2 Ríki ættu að koma á fót og viðhalda virkum hollustuhátta- og gæðakerfum í hverju landi til verndar heilsu neytenda og til að koma í veg fyrir sviksemi í viðskiptum.

11.1.3 Ríki ættu að setja lágmarksstaðla fyrir hollustuhætti og gæði og sjá til þess að vel sé farið eftir þeim í iðnaðinum öllum. Þau ættu að stuðla að því að þeim gæðastöðlum sé framfylgt sem samþykktir hafa verið hjá staðlaskrárnefnd FAO/WHO, öðrum viðeigandi stofnunum eða með annars konar fyrirkomulagi.

11.1.4 Ríki ættu að vinna saman að samræmingu og/eða gagnkvæmri viðurkenningu á heilbrigðisráðstöfunum og vottunarkerfum í hverju landi eins og við á og athuga möguleika á að koma upp gagnkvæmt viðurkenndum eftirlits- og vottunarstofum.

11.1.5 Ríki ættu að taka nægilegt tillit til hins efnahagslega og félagslega vægis fiskvinnslu og viðskipta þegar þau móta stefnu sína um sjálfbæra þróun og nýtingu nytjastofna.

11.1.6 Ríki og viðeigandi stofnanir ættu að styrkja rannsóknir í fisktækni og gæðastjórnun og styðja verkefni sem eiga að bæta meðferð fisks með tilliti til áhrifa slíkra verkefna á efnahags-, félags-, umhverfis- og næringarfræðilega þætti.

11.1.7 Þar eð vinnsluáðferðir eru mismunandi ættu ríki að tryggja með samstarfi, ásamt þróun og yfirfærslu á viðeigandi tækni, að áðferðir við vinnslu, flutning og geymslu séu umhverfinu skaðlausar.

11.1.8 Ríki ættu að hvetja þá sem fást við fiskvinnslu, dreifingu og markaðsfærslu til að:

- a) draga úr rýrnun fisks og úrgangi;
- b) bæta notkun á aukaafli að svo miklu leyti sem það samræmist því sem fellur undir ábyrgja stjórn fiskimála; og
- c) nota auðlindir, einkum vatn og orku, og þá sérstaklega viðarbrennsluorku, á þann hátt að það skaði ekki umhverfið.

11.1.9 Ríki ættu að hvetja til nýtingar fisks til manneldis og aukinnar fiskneyslu þegar við á.

11.1.10 Ríki ættu að hafa samstarf um að gera vinnslu á virðisaukavörum mögulega í þróunarlöndum.

11.1.11 Ríki ættu að tryggja að alþjóðleg og innlend viðskipti með fisk og fiskafurðir séu í samræmi við skynsamlegar verndunar- og stjórnunaraðferðir með því að bæta upprunamerkingar fisks og fiskafurða í viðskiptum.

11.1.12 Ríki ættu að tryggja að umhverfisáhrif fiskmeðferðar séu tekin til greina við mótun viðkomandi laga, reglugerða og stefnumiða án þess að það valdi markaðsröskun.

## **11.2 Ábyrg alþjóðaviðskipti**

11.2.1 Ákvæði þessara siðareglna á að túlka og nota í samræmi við grunnreglur, réttindi og skyldur sem komið var á með samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO).

11.2.2 Alþjóðaviðskipti með fisk og fiskafurðir ættu ekki að tefla í tvísýnu sjálfbærri þróun í fiskimálum og ábyrgri nýtingu lifandi auðlinda vatns og sjávar.

11.2.3 Ríki ættu að tryggja að ráðstafanir sem hafa áhrif á alþjóðleg viðskipti með fisk og fiskafurðir séu gagnsæjar, byggðar á vísindalegum niðurstöðum eins og við á og í samræmi við reglur sem samþykktar hafa verið alþjóðlega.

11.2.4 Ráðstafanir í fiskviðskiptum er ríki taka upp til að vernda líf manna eða dýra eða heilsu þeirra, hagsmuni neytenda eða umhverfið ættu ekki að mismuna aðilum og ættu að vera í samræmi við alþjóðlega samþykktar viðskiptareglur, sérstaklega

grunnreglur, réttindi og skyldur sem komið var á í samningum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um beitingu ráðstafana fyrir heilbrigði dýra og plantna og um tæknilegar viðskiptahindranir.

11.2.5 Ríki ættu að auka frekar frelsi í viðskiptum með fisk og fiskafurðir og afmá viðskiptahindranir og aðgerðir er valda röskun á markaði svo sem tolla, kvóta og aðrar hindranir er ekki tengjast tollskrárm í samræmi við grunnreglur, réttindi og skyldur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

11.2.6 Ríki ættu hvorki beint né óbeint að búa til ónauðsynlegar eða duldar viðskiptahindranir sem takmarka frelsi neytenda til velja sér vöru eftir uppruna eða takmarka aðgang að markaði.

11.2.7 Ríki ættu ekki að gera aðgang að auðlindum að skilyrði fyrir aðgangi að markaði. Þessi grunnregla kemur ekki í veg fyrir mögulega fiskveiðisamninga ríkja á milli sem fela í sér ákvæði um viðskipti, aðgang að auðlindum og mörkuðum, tæknifyrfærslu, vísindarannsóknir, þjálfun og önnur viðeigandi ákvæði.

11.2.8 Ríki ættu ekki að tengja aðgang að markaði við kaup á sérstakri tækni né sölu tæknivara.

11.2.9 Ríki ættu að hafa samstarf um að fara eftir viðeigandi alþjóðasamningum um að hafa stjórn á viðskiptum með afurðir tegunda í útrýmingarhættu.

11.2.10 Ríki ættu að koma á alþjóðasamningum um viðskipti með lifandi sýni þar sem hætta er á umhverfisskaða í innflutnings- eða útflutningsríkinu.

11.2.11 Ríki ættu að hafa samstarf um að auka fylgni við og virka framkvæmd á viðeigandi alþjóðastöðlum fyrir viðskipti með fisk og fiskafurðir og verndun lifandi auðlinda vatns og sjávar.

11.2.12 Ríki ættu ekki að tefla í tvísýnu ráðstöfunum til verndunar lifandi auðlinda vatns og sjávar í þeim tilgangi að auka ábata í viðskiptum eða fjárfestingum.

11.2.13 Ríki ættu að hafa samstarf um að móta reglur sem hlytu samþykki á alþjóðavettvangi eða staðla fyrir viðskipti með fisk og fiskafurðir í samræmi við grunnreglur, réttindi og skyldur í samþykkt Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

11.2.14 Ríki ættu að hafa samstarf sín á milli og taka virkan þátt í viðeigandi svæðabundnu og fjölhliða starfi svo sem á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar til þess að tryggja réttlæti og jafnræði í viðskiptum með fisk og fiskafurðir ásamt víðtækri fylgni við fjölþjóða verndunarráðstafanir í fiskimálum.

11.2.15 Ríki, hjálparstofnanir, fjölþjóða þróunarbankar og aðrar viðeigandi alþjóðastofnanir ættu að tryggja að stefna þeirra og aðferðir er tengjast eflingu alþjóðlegra fiskviðskipta og útflutningsframleiðslu leiði ekki til umhverfisskaða eða hafi slæm áhrif á rétt og þarfir fólks til næringar sem er mikilvæg heilsu þeirra og vellíðan þegar það hefur ekki aðgang að né efni á öðrum sambærilegum matvælum.

### **11.3 Lög og reglugerðir er tengjast fiskviðskiptum**

11.3.1 Lög, reglugerðir og stjórnsýsluáráð sem eiga við alþjóðleg viðskipti með fisk og fiskafurðir ættu að vera gagnsæ, eins einföld og kostur er, vel skiljanleg og þegar við á byggð á vísindalegum niðurstöðum.

11.3.2 Í samræmi við lög sín ættu ríki að gera það mögulegt að hafa viðeigandi samráð og samstarf við iðnaðinn og við umhverfis- og neytendasamtök við mótun og framkvæmd laga og reglugerða er tengjast viðskiptum með fisk og fiskafurðir.

11.3.3 Ríki ættu að einfalda lög sín, reglugerðir og stjórnvaldsreglur sem eiga við viðskipti með fisk og fiskafurðir án þess að tefla virkni þeirra í tvísýnu.

11.3.4 Þegar ríki kynnir breytingar á lagalegum skilyrðum sínum sem áhrif hafa á viðskipti með fisk og fiskafurðir við önnur ríki ætti að gefa nægar upplýsingar og tíma fyrir önnur ríki og viðkomandi framleiðendur til að koma á viðeigandi breytingum sem þörf er á í vinnslu og vinnsluferlum. Í þessu sambandi er æskilegt að samráð sé haft um gildistöku breytinganna við þau ríki sem fyrir áhrifum verða. Taka ætti tilhlýðilegt tillit til beiðna þróunarríkja um tímabundin frávik frá þessum skyldum.

11.3.5 Ríki ættu öðru hvoru að endurskoða lög og reglugerðir um alþjóðleg viðskipti með fisk og fiskafurðir til þess að ákvarða hvort skilyrðin sem voru forsendur þeirra séu enn fyrir hendi.

11.3.6 Ríki ættu að samræma eins og kostur er staðla sem eiga við viðskipti með fisk og fiskafurðir í samræmi við viðeigandi ákvæði sem viðurkennd eru alþjóðlega.

11.3.7 Ríki ættu að safna, vinna úr og dreifa tímanlega nákvæmum og viðeigandi tölfræðilegum gögnum um alþjóðleg viðskipti með fisk og fiskafurðir með aðstoð viðeigandi stofnana, einstakra þjóða eða alþjóðastofnanir.

11.3.8 Ríki ættu tafarlaust að upplýsa önnur ríki sem málin varða, Alþjóðaviðskiptastofnunina og aðrar viðeigandi alþjóðastofnanir um þróun og breytingar á lögum, reglugerðum og stjórnvaldsreglum sem við eiga í alþjóðaviðskiptum með fisk og fiskafurðir.

## **12. GREIN - FISKIRANNSÓKNIR**

12.1 Ríki ættu að gefa því gaum að ábyrgð í fiskimálum krefst þess að til sé traustur vísindalegur grunnur til að byggja á við töku ákvarðana hjá þeim sem annast stjórn fiskimála og öðrum sem hlut eiga að máli. Ríki ættu þess vegna að tryggja að viðeigandi rannsóknir séu stundaðar á öllum sviðum er tengjast fiskimálum, svo sem í líffræði, vistfræði, tæknifræði, umhverfisvísindum, hagfræði, félagsvísindum, fiskeldi og næringarfræði. Ríki ættu að tryggja aðstöðu til rannsókna, veita rétta þjálfun, ráða hæft fólk til starfa og hafa stofnanir til rannsókna, en taka verður tillit til sérþarfa þróunarlanda að þessu leyti.

12.2 Ríki ættu að koma á fót því kerfi stofnana sem við á til að ákveða hvaða hagnýtar rannsóknir beri að stunda og hvernig þær nýtast best.

12.3 Ríki ættu að tryggja greiningu á vísindalegum gögnum, að niðurstöður greiningarinnar séu birtar með viðeigandi trúnaði og þeim dreift tímanlega og á skýran hátt svo að bestu fáanlegar vísindalegar niðurstöður séu aðgengilegar sem framlag til verndunar, stjórnunar og þróunar fiskimála. Þar sem næg vísindaleg þekking eru ekki fyrir hendi ætti að hefja viðeigandi rannsóknir svo fljótt sem auðið er.

12.4 Ríki ættu að safna ábyggilegum og nákvæmum gögnum sem nauðsynleg eru til að meta ástand veiðisvæða og vistkerfa, þ.á.m. gögnum um aukaafli, frákast og úrgang. Þar sem við á ætti að leggja þessi gögn í hendur viðeigandi ríkja, stofnana á undirsvæðum og svæðum og þeirra sem starfa í heiminum öllum þegar úrvinnsla er hæfilega langt komin.

12.5 Ríkjum ætti að vera mögulegt að hafa eftirlit með og metið ástand stofna í lögsögu sinni, þar með talin áhrif vistkerfisbreytinga sem stafa af veiðiálagi, mengun og breytingum á búsvæðum. Þau ættu einnig að ákveða hve mikilla rannsókna er þörf til að meta áhrif veðurfars- eða umhverfisbreytinga á fiskistofna og vistkerfi vatns og sjávar.

12.6 Ríki ættu að styðja og efla eigin getu til rannsókna til að þær standist viðurkennda vísindalega staðla.

12.7 Ríki ættu eins og við á og í samstarfi við viðeigandi alþjóðastofnanir að hvetja til rannsókna til að tryggja bestu nýtingu nytjastofna og örva rannsóknir á fiski sem neyslavöru í samræmi við stefnu stjórnvalda.

12.8 Ríki ættu að stunda rannsóknir á og fylgjast með framboði á fiski til manneldis svo og umhverfinu sem hann veiðist í og tryggja að hann sé ekki heilsuspillandi fyrir neytendur. Niðurstöður slíkra rannsókna ætti að birta opinberlega.

12.9 Ríki ættu að tryggja að nægar rannsóknir fari fram á efnahags- félags-, markaðs- og stofnanalegum þáttum fiskimála og að sambærilegra gagna sé aflað í þágu stöðugs eftirlits, greiningar og stefnumótunar.

12.10 Ríki ættu að stunda rannsóknir á kjörhæfni veiðarfæra, áhrifum þeirra á umhverfi sóknartegunda og rannsóknir á hegðun þessara tegunda og annarra gagnvart veiðarfærum. Þetta ætti að vera þáttur í ákvörðunum um veiðistjórn með það fyrir augum að minnka ónýtanlegan afla eins og kostur er og varðveita líffræðilegan fjölbreytileika vistkerfisins og búsvæða í sjó og vatni.

12.11 Ríki ættu að tryggja að vísindalegt mat fari fram á áhrifum nýrra veiðarfæra á veiðarnar og vistkerfi þar sem þau á að nota áður en notkun þeirra er leyfð í fiskiskipum. Fylgjast ætti með áhrifum nýrra veiðarfæra.

12.12 Ríki ættu að rannsaka og skrá reynsluþekkingu og tækni við fiskveiðar, einkum þá sem beitt er við veiðar í smáum stíl, til þess meta notagildi þeirra til sjálfbærra veiða, stjórnar og þróunar.

12.13 Ríki ættu að nota meira niðurstöður rannsókna sem grunn fyrir markmið veiðistjórnar, viðmiðunarmörk og mælikvarða á árangur en einnig til að tryggja að nægilegt samband sé milli hagnýtra rannsókna og veiðistjórnar.

12.14 Ríki sem stunda vísindarannsóknir í lögsögu annars ríkis ættu að tryggja að skip þeirra fylgi lögum og reglugerðum þess ríkis svo og þjóðarétti.

12.15 Ríki ættu að stuðla að því að samræmdar viðmiðunarreglur verði teknar upp um fiskirannsóknir á úthöfunum.

12.16 Ríki ættu eins og við á að styðja að komið verði á kerfum, þ.á.m. viðmiðunarreglum, til að styðja rannsóknir á undirsvæðum og svæðum og ættu að skiptast á niðurstöðum milli svæða.

12.17 Ríki ættu að þróa samhæfðar tækni- og rannsóknáætlanir, annaðhvort beint eða með stuðningi alþjóðastofnana í þeim tilgangi að auka skilning á líffræðilegu og umhverfislegu ástandi nytjastofna sem tilheyra fleiri en einni lögsögu.

12.18 Ríki og viðeigandi alþjóðastofnanir ættu að efla og auka rannsóknagetu þróunarlanda, m.a. í gagnaöflun og greiningum niðurstaðna, upplýsingatækni, og tæknifræði, með þróun mannauðs og með því að útvega aðstöðu til rannsókna svo að þau geti tekið virkan þátt í verndun, stjórnun og sjálfbærri nýtingu lifandi auðlinda vatns og sjávar.

12.19 Þar til bærar alþjóðastofnanir ættu þar sem það er við hæfi og eftir því leitað að styðja tæknilega og fjárhagslega þær rannsóknir ríkja sem beinast að mati á stofnum sem áður hafa ekki verið nýttir eða mjög lítið nýttir.

12.20 Viðeigandi alþjóðlegar tækni- og fjármálastofnanir ættu þegar eftir því er leitað að styðja ríki í rannsóknavinnu, einkum þróunarríki, og úr hópi þeirra sérstaklega þau sem styst eru á veg komin svo og smá eyríki.

## **Viðauki 1**

### **UPPRUNI OG MÓTUN SIÐAREGLNANNA**

1. Í þessum viðauka er lýst mótun og samningaviðræðum um siðareglurnar sem leiddi til þess að þær voru lagðar fram og samþykktar á 28. ráðstefnu FAO. Talið var gagnlegt að hafa þennan hluta í viðauka sem skýringu á uppruna og þróun siðareglanna en um leið vitnisburð um þann áhuga og vilja til samninga sem allir þeir sýndu er tóku þátt í gerð þeirra. Vonast er til að það efli fylgi við þá hugsun er að baki býr og er svo nauðsynleg fyrir framkvæmd þeirra.

2. Á alþjóðlegum vettvangi hafði oft og lengi verið lýst áhyggjum af ótvíræðum merkjum um ofveiði á mikilvægum fiskstofnum, skemmdir á vistkerfum, fjárhagslegt tap og ýmis atriði fiskviðskipta en allt ógnaði þetta sjálfbærni fiskimála til lengri tíma lítið og um leið framlagi þeirra til fæðuöflunar. Í umræðum um ástand og horfur í fiskimálum heimsins mælti 19. fundur fiskimálanefndar FAO (COFI) sem haldinn var í mars 1991 með því að FAO mótaði hugtakið ábyrgð í fiskimálum og gerði siðareglur þar að lútandi.

3. Ríkisstjórn Mexíkó hélt síðan í samstarfi við FAO alþjóðlega ráðstefnu um ábyrgð í fiskimálum í Cancun í maí 1992. Cancunyfirlýsingin sem þá var samþykkt mótaði betur hugtakið um ábyrgð í fiskimálum og þar kemur fram að hugtakið nær yfir sjálfbæra nýtingu nytjastofna í sátt við umhverfið; þær aðferðir í veiðum og eldi sem ekki eru skaðlegar vistkerfinu, auðlindunum eða gæðum þeirra; virðisauka afurða með vinnslu sem stenst heilbrigðiskröfur og viðskipti sem veita neytendum aðgang að gæðavörum.

4. Cancunyfirlýsingin var tekin fyrir á fundi UNCED á Ríóráðstefnunni í júní 1992 sem studdi að gerðar yrðu siðareglur um ábyrgð í fiskimálum. Tæknilegt samráð FAO um veiðar á úthafinu, sem haldið var í september 1992, studdi einnig gerð siðareglna til að taka á málefnum vegna veiða á úthafinu.

5. 102. fundur framkvæmdaráðs FAO haldinn í nóvember 1992 fjallaði um mótun siðareglanna, mælti með því að mest áhersla yrði lögð á málefni úthafanna og fór fram á að tillögur að siðareglunum yrðu lagðar fyrir fiskimálanefndina á fundi hennar 1993.

6. 20. fundur í fiskimálanefndinni haldinn í mars 1993 fjallaði um grunnreglur siðareglanna, þ.á.m. mótun viðmiðunarreglna og samþykkti tímaramma fyrir frekari mótun siðareglanna. Nefndin fór einnig fram á að FAO léti útbúa með hraði og sem hluta siðareglanna tillögur um að koma í veg fyrir útflöggun fiskiskipa sem rýrir gildi verndunar- og stjórnunarráðstafana á úthöfunum.

7. Frekari mótun siðareglanna fyrir ábyrgð í fiskimálum fór svo fram með samráði og samstarfi viðeigandi stofnana Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðlegra stofnana þ.á.m. félagasamtaka

8. Í framhaldi af fyrirmælum stjórnarstofnana FAO var uppkast siðareglanna skrifað í samræmi við hafréttarsamning Sameinuðu þjóðanna og með tilliti til Cancunyfirlýsingarinnar 1992, Ríóyfirlýsingarinnar 1992 og ákvæða í “Dagskrá 21” frá UNCED ráðstefnunni, niðurstaðna og ráðlegginga hins tæknilega samráðs FAO um veiðar á úthöfunum 1992, áætlunarinnar sem samþykkt var á ráðstefnu FAO um stjórnun og þróun fiskveiða 1984 og annarra viðeigandi skjala svo sem niðurstöðu ráðstefnunnar um úthafsveiðisamninginn sem þá var í gangi og í ágúst 1995 samþykkti samninginn um framkvæmd ákvæða hafréttarsamings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982 um deilistofna og víðförula fiskstofna.

9. 27. ráðstefna FAO haldinn í nóvember 1993 samþykkti samninginn um að stuðla að því að fiskiskip á úthöfunum fylgi alþjóðlegum ráðstöfunum til verndunar og veiðistjórnar<sup>8</sup> og mælti með því að almennar grunnreglur siðareglna um ábyrgð í fiskimálum yrðu samdar með hraði til að hægt væri að fara að vinna að aðalefnisgreinum. Óformlegur vinnuhópur sérfræðinga sem tilnefndir voru af opinberum aðilum og hittist í Róm í febrúar 1994 fór síðan yfir drög grunnreglanna. Endurskoðuðum drögum var síðan dreift víða, til allra aðila og aukaaðila að FAO, milliríkjastofnana og félagasamtaka. Ábendingar, er þá bárust, voru settar í siðareglurnar með tillögum um textabreytingar. Þetta skjal var einnig lagt til

---

<sup>8</sup> Enskt heiti samnings kemur fram í neðanmálgrein í formála (innskot þýðanda).

grundvallar óformlegu samráði við félagasamtök á 4. fundi ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um deilistofna og víðförula fiskstofna í New York í ágúst 1994.

10. Til að hægt væri að fjalla um allan textann í drögum að siðareglunum mælti aðalforstjóri FAO með því við framkvæmdaráð FAO á 106. fundi þess í júní 1994 að skipulagður yrði tæknilegur samráðsfundur um siðareglurnar og að hann yrði opinn öllum aðilum að FAO, þeim sem ekki væru aðilar en hefðu hagsmuna að gæta, milliríkjastofnunum og félagasamtökum til að virkja sem flesta þá sem málið skipti og sem fyrst í mótunarferlinu.

11. Tæknilegi samráðsfundurinn var haldinn í Róm 26. sept.-5. okt. 1994 og drög siðareglanna í heild sinni voru lögð fram ásamt fyrstu drögum tæknilegra viðmiðana fyrir flestar aðalefnisgreinar hans. Að lokinni ítarlegri endurskoðun allra greina draganna gerði skrifstofa FAO ný drög á grundvelli athugasemda í umræðum á allsherjarfundinum og þeirra athugasemda sem bárust skriflega meðan á samráðinu stóð.

12. Með samráðinu var hægt að fara yfir í smáatriðum næstu drög fyrir þrjár af sex aðalefnisgreinum siðareglanna, þ.e. 9. grein um samþættingu fiskimála í stjórnun strandsvæða, 6. grein um stjórnun fiskveiða og 7. gr. um fiskveiðar að undanskildum þeim grunnreglum sem niðurstaða ráðstefnunnar um deilistofna og víðförula fiskstofna kynni að breyta<sup>9</sup>. Stutt skýrsla frá skrifstofu FAO var lögð fyrir framkvæmdaráð FAO og fiskimálanefndina.

13. Tæknilegi samráðsfundurinn lagði til við 107. fund framkvæmdaráðs FAO, 15.-24. nóvember 1994 að lokatexti grunnreglna sem aðallega fjölluðu um úthöfin skyldi látinn biða niðurstöðu ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Ráðið féllst í aðalatriðum á þetta og tók fram að eftir umræður á næsta fundi fiskimálanefndarinnar skyldi leggja lokadrög siðareglanna fyrir framkvæmdaráð FAO í júní 1995 sem skyldi þá ákveða hvort nauðsynlegt væri að tækninefnd hittist samhliða þeim fundi til að útfæra siðareglurnar ítarlega .

14. Á grundvelli allra þeirra athugasemda og tillagna sem bárust frá tæknilega samráðinu útbjó skrifstofa FAO endurskoðuð drög siðareglanna sem lögð voru fyrir 21. fund fiskimálanefndarinnar 10-15. mars 1995.

15. Fiskimálanefndin fékk einnig að vita að ráðstefna Sameinuðu þjóðanna lyki sennilega störfum í ágúst 1995. Þá yrði hægt að laga texta grunnreglnanna í drögunum að þeim texta sem ráðstefnan skilaði í samræmi við þá tilhögun er nefndin og framkvæmdaráð FAO ákvæðu en síðan yrðu siðareglurnar í heild sinni lagðar fyrir 28. ráðstefnu FAO í október 1995 til samþykktar.

16. Fiskimálanefndin fékk upplýsingar um það hvernig skrifstofa FAO hefði unnið að undirbúningi siðareglanna. Nefndin kom á opnum vinnuhópi til endurskoðunar á drögunum og á fundi hans 10.-14. mars 1995 fór fram ítarleg endurskoðun draganna í framhaldi af vinnu í tæknilega samráðinu. Hópurinn lauk við og samþykkti 8.-11. grein. Í ljósi tímamarka fór vinnuhópurinn fram á við skrifstofuna að 1.-5. grein yrðu endurskrifaðar og mælt var með að fjallað yrði um rannsóknir og

---

<sup>9</sup> Greinar þessar fengu síðar númerin 10, 7 og 8 (innskot þýðanda).



samstarf en einnig fiskeldi í grein um almennar grunnreglur til samsvörunar við aðalefnisgreinar siðareglanna.

17. Nefndin var sammála niðurstöðu 107. fundar í fiskimálanefndinni um tilhögun á frágangi siðareglanna. Orðalag grunnreglunnar um deilistofna og viðförla fiskstofna, sem eru aðeins lítill hluti siðareglanna, væri hægt að endurskoða í ljósi niðurstaðna ráðstefna Sameinuðu þjóðanna. Vinnuhópurinn mælti einnig með því að þegar efnisatriðin yrðu ljós þyrfti að samræma lagaleg, tæknileg og málfarsleg atriði fyrir lokasamþykkt siðareglanna.

18. Skýrsla vinnuhópsins var lögð fyrir ráðherrafund um fiskimál 14.-15. mars 1995 í tengslum við fund fiskimálanefndarinnar. Rómalyfirlýsingin um fiskimál heimsins skoraði á ríkisstjórnir og alþjóðastofnanir að ljúka nú þegar gerð siðareglanna þannig að leggja mætti lokatexta þeirra fyrir FAO ráðstefnuna í október 1995.

19. 108. fundur í framkvæmdaráði FAO fékk siðareglurnar endurskoðaðar og kom á opinni tækninefnd sem hélt fyrsta fund sinn 5.-9. júní 1995 með hópi aðila og áheyrnarfulltrúa víða að. Nokkur fjöldi millirikjastofnana og félagasamtaka tók einnig þátt í þeim fundi.

20. Framkvæmdaráð FAO fékk þær upplýsingar frá tækninefndinni að hún hefði farið vendilega yfir 1.-5. grein og innganginn. Hún hefði einnig farið yfir, lagað og samþykkt 8.-11. grein og hafið endurskoðun á 6. grein.

21. Framkvæmdaráðið samþykkti niðurstöður tækninefndar og mælti með öðrum fundi 25.-29. september 1995 til að ljúka endurskoðun siðareglanna en í millitíðinni skyldi skrifstofa FAO samræma textann málfarslega og lagalegu séð með tilliti til niðurstöðu úthafsveiðisamningsins.

22. Endurskoðaðar siðareglurnar eins og þær höfðu verið samþykktar af tækninefndinni og staðfestar á 108. fundi í framkvæmdaráðinu voru gefnar út sem ráðstefnuskjal C95/20 og vinnuþag fyrir 2. fund tækninefndar. Atriði sem enn var eftir að samþykkja voru skýrt afmörkuð.

22. Til að ljúka gerða siðareglanna í heild sinni gekk skrifstofa FAO frá tillögum að 6. grein um stjórnun fiskveiða og 7. grein um fiskveiðar<sup>10</sup> að teknu tilliti til úthafsveiðisamningsins sem samþykktur hafði verið á ráðstefna Sameinuðu þjóðanna í ágúst 1995. Skrifstofa FAO lauk einnig við tillögur um málfarslegar og lagalegar lagfæringar og lagði fyrir nefndina á ensku, frönsku og spænsku.

24. Annar fundur opnu tækninefndar framkvæmdaráðsins fór fram 25.-29. september 1995 með þátttöku aðila og áheyrnarfulltrúa víða að. Nefndin var einhuga um gott samstarf, tókst að ljúka verkefni sínu, lauk við og samþykkti allar greinar siðareglanna og samþykkti að þar með væru siðareglurnar í heild tilbúnar. Óformlegur hópur um samræmingu tungumálanna hélt einn fund enn og lauk verki sínu með skrifstofu FAO. Tækninefndin fól skrifstofu FAO að leggja fram lokatextann sem endurskoðað ráðstefnuskjal fyrir 109. fund framkvæmdaráðsins og

---

<sup>10</sup> Greinar þessar fengu síðar númerin 7 og 8 (innskot þjóðanda).

28. ráðstefnu FAO til samþykktar. Framkvæmdaráðið samþykkti texta siðareglanna frá tækninefndinni. Skrifstofu FAO var síðan falið að gera drög að samþykkt fyrir ráðstefnuna og þ.á.m. áskorun til landa um að staðfesta svo fljótt sem auðið væri samninginn um framkvæmd<sup>11</sup> sem hafði verið samþykktur á fyrri ráðstefnu. 28. ráðstefna FAO samþykkti síðan einróma siðareglur um ábyrgð í fiskimálum og viðeigandi ályktun hinn 31. október 1995.

## **Viðauki II SAMÞYKKT**

### **RÁÐSTEFNAN**

er meðvituð um mikilvægi fiskimála fyrir öruggt framboð fæðu í heiminum, efnahagslega og félagslega þróun, svo og þörfina fyrir sjálfbærni lifandi auðlinda vatns og sjávar og umhverfisins fyrir þá sem nú lifa og komandi kynslóðir.

Minnir á að fiskimálanefndin mælti með því 19. mars 1991 að hugtakið um ábyrgar veiðar yrði mótað og samið skjal þar að lútandi,

Tekur tillit til þess að í Cancunyfirlýsingunni sem varð til á alþjóðlegu ráðstefnunni er skipulögð var af ríkisstjórn Mexíkó í maí 1992 og fjallaði um ábyrgð í fiskimálum var farið fram á að siðareglur um ábyrgð í fiskimálum yrðu samdar,

Hefur í huga að með gildistöku hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna 1982 og fullgildingu samningsins um framkvæmd ákvæða hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982 um verndun deilistofna og víðförra fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim eins og vænst var í Ríóyfirlýsingunni 1992 og í ákvæðum í “Dagskrá 21” frá UNCED, er orðin meiri þörf fyrir samstarf á undirsvæðum og svæðum og að FAO hefur mikilvægum skyldum að gegna í samræmi við umboð sitt,

Minnir einnig á að árið 1993 samþykkti ráðstefnan samning FAO um að stuðla að því að fiskiskip á úthöfunum fylgi alþjóðlegum ráðstöfunum til verndunar og veiðistjórnar og að þessi samningur yrði óaðskiljanlegur hluti siðareglanna,

Tekur eftir því með ánægju að FAO hafði í samræmi við ákvarðanir stjórnarstofnana sinna skipulagt röð tæknilegra funda til mótunar á siðareglunum og að þessir fundir hafa leitt til samkomulags um texta fyrir siðareglur um ábyrgð í fiskimálum.

Viðurkennir að Rómáryfirlýsingin um fiskimál heimsins sem varð til eftir ráðherrafund um fiskimál 14.-15. mars 1995 hvatti ríkisstjórnir og alþjóðastofnanir til að bregðast með virkum hætti við stöðunni í fiskimálum m.a. með því að ljúka gerð siðareglanna fyrir ábyrgð í fiskimálum og íhuga að samþykkja samninginn um að stuðla að því að fiskiskip á úthöfunum fylgi alþjóðlegum ráðstöfunum til verndunar og veiðistjórnar,

### **1. Ákveður að samþykkja siðareglur um ábyrgð í fiskimálum**

<sup>11</sup> Agreement to promote compliance with international conservation and management measures by fishing vessels on the high seas ( Samningurinn hefur ekki verið þýddur á íslensku – innskot þýðanda).

2. Skorar á ríki, alþjóðastofnanir, hvort sem þær starfa á vegum stjórnvalda eða ekki, og á alla er tengjast fiskimálum að starfa saman að því að markmið og grunnreglur siðareglanna komist að fullu til framkvæmda.
3. Hvetur eindregið til þess að tekið verði tillit til sérþarfa þróunarlandanna við framkvæmd siðareglanna;
4. Fer fram á það við FAO að gert verði ráð fyrir því í fjárhagsáætlunum stofnunarinnar að veita þróunarlöndum aðstoð við framkvæmd siðareglanna og mótun millisvæðaáætlunar fyrir utanaðkomandi aðila sem vilja leggja fram aðstoð við framkvæmd siðareglanna.
5. Óskar einnig eftir því að FAO, í samstarfi við aðildarþjóðir og viðeigandi stofnanir sem áhuga hafa á, móti eins og við á tæknilegar viðmiðunarreglur til stuðnings framkvæmd siðareglanna.
6. Felur FAO að hafa eftirlit með og gefa skýrslu um framkvæmd siðareglanna og áhrif þeirra á fiskimál, þ.á.m. aðgerðir með stoð í öðrum skjölum og ályktunum stofnana Sameinuðu þjóðanna, og þá sérstaklega ályktunum allsherjarþingsins um að veita brautargengi ráðstefnunni um úthafsveiðar er leiddi til sammingsins um framkvæmd ákvæða hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982 um verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim;
7. Hvetur FAO eindregið til að styrkja svæðastofnanir til að þær geti með virkari hætti stuðlað að málefnum verndunar og stjórnunar og stutt samstarf á undirsvæðum, svæðum og á heimsvísu og samstarf meðal þeirra sem sinna fiskimálum.